



Almennar athugasemdir við almennar reglur
Háskólans í Reykjavík (HR) um nám og
námsmat

Almennar athugasemdir

1. Inngangur

Vegna mikilvægis þess að almennar reglur HR um nám og námsmat séu í samræmi við sýn HR á það nám sem skólinn vill bjóða upp á tók námsráð HR þá ákvörðun 19. janúar 2017 að yfirfara almennar reglur HR um nám og námsmat með það í huga að gera á þeim þær breytingar sem þörf kynni að vera á. Leiddi sú vinna til þess að framkvæmdastjórn HR samþykkti á fundi sínum 9. janúar 2018 talsverðar breytingar á þágildandi reglum HR um nám og námsmat. Jafnframt var samþykkt að hinar breyttu reglur myndu taka gildi frá og með upphafi haustannar 2018. Megin markmiðið með breytingunum var annars vegar að aðlaga reglurnar betur að stefnu skólans í náms- og kennslumálum og hins vegar stuðla að því að þær þjóni betur því hlutverki að ýta undir aukin gæði náms við HR.

Í kafla 2 hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir þeim meginbreytingum á almennum reglum HR um nám og námsmat sem framkvæmdastjórn HR samþykkti 9. janúar 2018. Í kafla 3 er að finna skilgreiningar á nokkrum megin hugtökum reglnanna. Í kafla 4 er síðan að finna almennar athugasemdir við einstakar greinar og undirmálgreinar reglnanna. Var sú leið valin að skýra einungis orðalag þeirra greina og undirmálgreina sem ástæða þótti til. Þá er heldur ekki í athugasemdunum að finna umfjöllun um allar þær orðalagsbreytingar á eldri útgáfu reglnanna sem breytingin frá 2018 fól í sér. Til þess að átta sig fullkomlega á öllum þeim breytingum á reglunum sem gerðar voru 2018 þarf því að bera saman texta einstakra greina og undirmálgreina í eldri reglunum við hinar breyttu reglur. Því er í viðauka aftan við þessar almennu athugasemdir að finna töflu þar sem hægt er að bera saman orðalagið með þeim hætti.

Að baki framangreindri nálgun, þ.e. að skrifa athugasemdir við einstakar greinar og undirmálgreinar þeirra, liggur sú von HR að það auðveldi starfsmönnum og nemendum að átta sig á innihaldi einstakra greina. Athugasemdunum er þannig ætlað að auka líkur á samræmdri túlkun reglnanna.

2. Helstu breytingar sem framkvæmdastjórn samþykkti 9. janúar 2018

Hér verða nefnd dæmi um nokkrar þeirra breytinga sem samþykktar voru 2018. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

1. Undirmálgreinar eru tölusettar. Sú breyting var gerð að nú eru allar undirmálgreinar einstakra greina reglnanna tölusettar. Þetta er gert til þess að auðveldara sé að vísa til þeirra. Þannig er auðveldara að vísa í grein 1.1.5 í stað þess að þurfa að telja út 5. mgr. í grein 1.1. Þetta er í raun uppsetningarlegt atriði.

2. Heimild til að skrá nemendur úr námskeiðum eftir að hefðbundinn frestur til þess er liðinn. Í grein 1.2.2 kemur m.a. fram hvenær nemendur geta í síðasta lagi skráð sig úr námskeiðum af hvaða ástæðu sem er. Auk ákveðinna breytinga á þeim reglum varðandi 3 vikna námskeið, er í þessari grein að finna nýtt ákvæði sem tekur á möguleika nemenda til að skrá sig úr námskeiðum eftir að almennum frestirnir eru liðnir. Það liggur fyrir að nemendur geta forfallast eftir umrædd tímamörk nokkuð sem getur hindrað þá í að stunda nám með þeim hætti sem að var stefnt. Vegna þessa var samþykkt sérstök heimild fyrir deild til að heimila nemendum að segja sig úr námskeiðum þó framangreindir frestir séu liðnir. Hér er þó gerð krafa um gildar ástæður og eru veikindi og slys nefnd í því sambandi. Þó svo að þessi ákvörðun verði í höndum einstakra deilda skólans stendur vilji HR til þess að leitað verði leiða til þess að framkvæmdin verði eins í öllum skólanum. Þetta ákvæði um viðbótarfresti til að segja sig úr námskeiðum getur einnig haft þýðingu fyrir túlkun greinar 1.6.1. Þá má nefna í þessu sambandi að eftir

atvikum geta áföll sem nemandi verður fyrir á meðan á námi stendur verið þess eðlis að reynt geti á reglur um sértæk úrræði fyrir nemendur HR. Sjá nánar í því sambandi grein 1.10.

Meginreglur greinar 1.2.2 um skráningu í og úr námskeiðum eiga eftir aðstæðum ekki vel við þegar skipulag t.d. 12 eða 15 vikna námskeiða byggir á því að kennsla fari fram í aðskildum lotum innan þessa tímabils, þ.e. ekki samfelldri kennslu yfir allt tímabilið. Þegar svo háttar til gæti t.d. sú staða verið uppi að fyrsta lota námskeiðs hefjist ekki fyrr en eftir að fjórar vikur eru liðar af námskeiði og nemendum því ekki lengur heimilt samkvæmt meginreglu greinar 1.2.2 að segja sig úr því námskeiði af hvaða ástæðu sem er. Vegna þessa var í grein 1.2.2 valin sú leið að heimila einstökum deildum HR að setja sérstakar reglur um skráningu í og úr námskeiðum sem kennd eru í aðskildum lotum.

3. Ekki er lengur farið fram á að nemendur sem eru veikir í t.d. lokaprófum eða síðustu verkefnum¹ skili vottorðum. Þetta leiðir til þess að þó sumstaðar í reglunum sé áfram talað um sjúkra- og endurtektarrétt nemenda er í raun verið að fjalla um seinni möguleika af tveimur til þess að taka viðkomandi námsmatsþátt. Það er sem sagt ekki lengur gerður greinarmunur á þeim nemendum sem nýta sér seinni möguleikann eftir því hvort þeir voru veikir í fyrra sinn eða mættu þá en náðu ekki þeim árangri sem að var stefnt. Um þessa breytingu tengda læknisvottorðum er nánar fjallað í athugasemdum við greinar 1.3.2 og 5.1. Þá kemur jafnframt fram í grein 5.1.2 að nemendur sem senda tilkynningu samkvæmt grein 5.1.1 geta nýtt endurtektarrétt sinn, þ.e. þeir fá möguleika á að taka viðkomandi námsmatsþátt seinna. Ástæða tilkynningaskyldunnar í grein 5.1.1 er í raun oft skipulagslegs eðlis, þ.e. þörfin fyrir að vita fjölda nemenda sem munu mæta í sjúkra- og endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektarverkefni.

Í grein 5.1.3 kemur fram að þegar boðið er upp á sjúkra- og endurtektarrétt hvað aðra námsmatsþætti varðar en lokapróf og síðasta verkefni, þá standa þeir öllum nemendum opnir hvort heldur sem viðkomandi nemandi hefur tekið fyrri námsmatsþátt eða ekki. Í þessum tilvikum er þess hvorki krafist að sá sem var veikur í fyrra skiptið skili vottorði, né að nemandi tilkynni um forföll eins og gildir um lokapróf og síðasta verkefni. Ástæða þess að í grein 5.1.3 er ekki gerð sambærileg krafa um tilkynningar eins og í grein 5.1.1 er fyrst og fremst sú að í þeim tilvikum er oftast um að ræða námsmat sem ekki fer fram í skólastofu og því sjaldnar sömu skipulagslegu ástæður sem gætu kallað á tilkynningarskyldu eins og gildir t.d. um lokapróf.

4. Þar sem ekki er lengur farið fram á læknisvottorð kemur fram í grein 1.3.3 að allir þeir sem taka sjúkra- og endurtektarlokapróf, og sjúkra- og endurtektarsíðasta verkefni sem fer fram í kennslustofu, þurfa að greiða gjald fyrir. Áður greiddu aðeins þeir sem fóru í endurtekt en ekki þeir sem skiluðu læknisvottorði. Þar sem allir munu nú greiða var ákveðið að lækka gjaldið á haustönn 2018 úr 12.000 kr. í 8.000 kr. enda er því aðeins ætlað að mæta auknum kostnaði HR af endurtektinni, þ.e. vegna húsnæðis og yfirsetu. Að gefnu tilefni skal tekið fram að gjaldið er 8.000 kr. hvort heldur sem nemandi þarf aðeins að taka seinna lokaprófið eða síðasta verkefnið eða hvoru tveggja. Að lokinni haustönn 2018 verður síðan metið hvort það gjald dugi til að mæta hinum tilgreina kostnaði eða hvort breyta þurfi gjaldinu.

5. Á nokkrum stöðum í reglunum kemur fram að tiltekin heimild til ákvarðana skuli vera í höndum deilda en ekki nánar tilgreindra aðila innan deildar, t.d. skrifstofu eða kennara. Með þessu er í raun verið að segja að hver deild um sig þurfi að ákveða hvernig þessum málum skuli háttað innan deildar. Því er alls ekki verið að koma í veg fyrir að einstakar deildir í HR geti t.d. ákveðið að heimila deildarskrifstofu, námsráðum, kennurum o.s.frv. að taka ákveðnar ákvarðanir sem í reglunum segir að sé á færi deildar. Sama gildir þegar í þessum reglum er gert ráð fyrir aðkomu deildarforseta. Sem dæmi um greinar þar sem kemur fram að tiltekin heimild sé í höndum deildar/deildarforseta má nefna: 1.1, 2.5, 4.4.1, 4.4.2, 4.5.5 og 5.6.

¹ Þegar talað er um síðasta verkefni í þessum reglum er í raun átt við síðasta verkefni í viðkomandi námskeiði. Undir orðið verkefni eins og það er túlkað hér geta í raun fallið allir aðrir námsmatsþættir en lokapróf. Sjá nánar umfjöllun um hvað átt er við með síðasta verkefni í kafla 3 og í athugasemdum við greinar 1.3.1 og 2.2.

6. Sértek úrræði í námi. Í grein 1.10 er að finna nýja reglu sem fjallar almennt um sértek úrræði sem nemendum kunna að standa til boða í tengslum við nám í HR. Kemur þessi grein í stað greinar 6.15 eins og hún var fyrir breytinguna 2018. Með þessu almenna ákvæði er sú grein felld úr gildi en hún fjallaði aðeins um sérúrræði sem tengdust próftöku. Í raun kemur fram í þessari grein 1.10 að um sértek úrræði í námi fari almennt samkvæmt sérstökum reglum HR um það efni. Eins langt og þær reglur gefa möguleika á kunna einstakar deildir einnig að setja sér reglur þessu tengdar.

7. Nýjar undirmálgreinar um námsmat í einstökum námskeiðum, grein 2.1, og hámarksvægi lokaprófa og síðustu verkefna, grein 2.2.

Greinar þessar eru svohljóðandi:

2.1 Námsmat í einstökum námskeiðum

Tryggja skal að í námsmati í einstökum námskeiðum reyni á hreina þekkingu, á aðra þætti þekkingar, á leikni eða hæfni eða leikni og hæfni.

2.2 Hámarksvægi lokaprófa og síðustu verkefna

Lokapróf og síðasta verkefni mega að hámarki gilda samtals 70% af heildarnámsmati í námskeiðum í grunn- og meistaranámi. Framangreind regla gildir ekki um lokaverkefni námsbrauta.

Sjá nánar athugasemdir við greinar 2.1 og 2.2. Hér skal þó sérstaklega bent á eftirfarandi, sem kemur fram í athugasemdum við grein 2.2. Fram til þessa hefur almenna reglan innan HR verið sú að í þeim námskeiðum sem ekki enda með lokaprófi þurfi síðasta námsmatsþætti (t.d. síðasta verkefni) að vera lokið áður en prófatímabil (nú lokanámsmatstímabil) hefst. Þessu hefur nú verið breytt. Því er kennara t.d. heimilt að leggja fyrir síðasta verkefni inni á þessu tímabili, t.d. heimaverkefni sem nemendur hafa einn sólarhring til að vinna. Þetta gæti einnig verið verkefni í kennslustofu, eftir atvikum með yfirsetu. Með þessum hætti er enn frekar lögð áhersla á að próf er hvorki betri eða verri námsmatsaðferð en t.d. heimaverkefni. Hér er í raun verið að ítreka vilja HR til fjölbreytts námsmats og það viðhorf skólans að aðalmálið sé ekki hvað viðkomandi námsmatsþáttur heitir, þ.e. próf, verkefni o.s.frv., heldur skipti mestu að hann auki líkurnar á að lærdómsviðmið (þekking, leikni og hæfni) viðkomandi námskeiðs náist.

8. Lokapróf og síðasta verkefni í kennslustofu, sjá grein 2.5. Þrátt fyrir að í greininni sé byggt á því að kennari eða staðgengill hans komi inn í stofu á meðan lokapróf eða síðasta verkefni fer fram, er það engu að síður meginreglan að kennarinn komi nema hann sé sannarlega forfallaður. Kennarinn á að koma að lágmarki einu sinni inn í stofu á meðan á lokaprófi eða síðasta verkefni stendur. Hvort hann kemur oftar ræðst af uppbyggingu og innihaldi prófsins eða verkefnisins. Almennt er reiknað með því að kennarinn sé staddur í HR þann tíma sem lokapróf eða síðasta verkefni stendur yfir.

9. Frestir til að skila einkunnum fyrir einstaka námsmatsþætti, sjá grein 2.6.1. Í greininni er fjallað um fresti til að skila einkunnum fyrir einstaka námsmatsþætti. Almenna reglan er sú að settir eru frestir sem gilda um ákveðna námsmatsþætti í öllum námskeiðum í HR og reynt að hafa frestina frekar stutta. Þar sem námskeið innan HR geta verið misjafnlega fjölmenn, þ.e. mismunandi margir nemendur í þeim, er þó valin sú leið að setja sérreglu um lengri fresti í skilgreindum stórum námskeiðum. Í grein 2.6.1 er eingöngu fjallað um fresti til að skila einkunnum fyrir einstaka námsmatsþætti, ekki loka-einkunn fyrir námskeiðið í heild. Á því er hins vegar byggt að það leiði af þeirri reglu um skil einstakra námsmatsþátta sem á við hverju sinni. Þannig ætti t.d. frestur til að skila einkunn fyrir lokapróf og einkunn fyrir námskeið í heild almennt að vera sjö virkir dagar en fimm virkir dagar þegar nemandi tekur sjúkra- eða endurtektarlokapróf. Sjá nánar um framangreint athugasemdir við grein 2.6.1.

10. Í grein 4.2. kemur fram að allir þættir námsmats, þ.m.t. lokapróf, eiga að hafa skýr tengsl við lærdómsviðmið námskeiðsins og endurspegla þær áherslur sem lagðar eru í einstökum námskeiðum. Í greininni er verið að hnykkja á mikilvægi þess að námsmatið taki mið af lærdómsviðmiðum

námskeiðsins. Orðalagið: „og endurspeglar þær áherslur sem lagðar eru í einstökum námskeiðum“, er nýtt. Með því er átt við að námsmatið endurspeglar þær áherslur sem koma fram í námskeiðinu í heild, þ.e. jafnt kennsluefninu sjálfu og þeim áherslum sem lagðar eru í tímum. Þessu ákvæði er í raun ætlað að koma í veg fyrir að námsmat sé ekki í samræmi við þær megináherslur sem lagðar eru í námskeiðinu, þ.e. að ekki sé t.d. verið að prófa úr hlutum sem kennari hefur ekki lagt áherslu á.

11. Í grein 5.1.6 kemur fram að tryggja skal að fyrir hendi sé fullnægjandi lágmarks sjúkra- og endurtektarréttur hvað námsmat hvers námskeiðs varðar. Greinin er ný, þ.e. ekki var að finna sambærilega reglu í almennum reglum HR um nám og námsmat fyrir breytinguna 2018. Á sama tíma og HR leggur mikla áherslu á fjölbreytt nám og námsmat vill skólinn tryggja að nemendur sem ná ekki lágmarkseinkunn í einstökum námsmatsþáttum námskeiðs eigi raunverulegan mögulega á að bæta þar úr og ljúka námskeiðinu á réttum tíma. Greininni er ætlað að sameina þessi markmið með því að tryggja ákveðinn lágmarksrétt nemenda til að endurtaka ákveðið hlutfall námsmatsþátta og auka þannig líkur á að þeim takist að ljúka námskeiðinu með fullnægjandi árangri. Sjá nánar athugasemdir við grein 5.1.6.

12. Sýning vegna einstakra námsmatsþátta, sjá grein 5.2. Hin breytta áhersla á námsmat sem nú er að finna í þessum reglum, þ.e. í átt frá megináherslunni á próf til fjölbreyttara námsmats, hefur leitt til þess að nú er í grein 5.2 gert ráð fyrir að nemendur geti bæði óskað eftir lokaprófsýningu og sýningu á úrlausnum á öllum námsmatsþáttum sem gilda 20% eða meira í lokaeinkunn. Hér er eingöngu um að ræða rétt sem tengist skriflegum námsmatsþáttum. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að kennari þurfi að eiga frumkvæði að slíkum sýningum.

13. Kæruréttur. Í grein 5.3 er fjallað um kærurétt nemenda. Kæruréttur er til staðar ef nemandi fær einkunn undir 5,0 í grunnnámi og 6,0 í meistaranámi í lokaprófi, eða síðasta verkefni. Einnig er kæruréttur fyrir hendi í öllum öðrum námsmatsþáttum sem gilda 20% eða meira eða þar sem gerð er krafa um tiltekna einkunn í viðkomandi námsmatsþætti til þess að standast námskeið. Þetta þýðir með öðrum orðum að t.d. má kæra fall í lokaprófi eða síðasta verkefni þó vægi viðkomandi námsmatsþátta sé minna en 20%. Sama gildir um aðra námsmatsþætti þar sem gerð er krafa um tiltekna lágmarkseinkunn.

3. Skilgreiningar á helstu hugtökum reglnanna

Hér á eftir er að finna skilgreiningar (efnislega umfjöllun) á nokkrum af þeim hugtökum sem er að finna í almennum reglum HR um nám og námsmat eins og þeim var breytt 9. janúar 2018. Eftir því sem við á verður í tengslum við umfjöllun um einstök hugtök vísað í ákveðna greinar eða undirmálgreinar eða athugasemdir við þær.

Dómari: Þar sem kæruréttur nemenda tengist fleiri námsmatsþáttum en prófum er í reglunum talað um dómara í stað prófdómara eins og áður var gert. Sjá m.a. grein 5.4.

Hlutapróf: Þegar í reglum þessum er rætt um hlutapróf er í raun átt við öll önnur próf en lokapróf. Með orðum eins og áfangapróf, skyndipróf, miðannapróf o.s.frv. er því átt við hlutapróf. Sjá nánar athugasemdir við grein 1.3.1.

Námsmatsstjóri: Í reglunum er orðið námsmat almennt notað þar sem í fyrri útgáfu þeirra var oft notast við orðið próf. Því er t.d. talað um námsmatsstjóra í stað prófstjóra.

Námsmatsþættir: Samheiti yfir mismunandi þætti sem er ætlað að gilda til einkunnar í námskeiði. Þar má nefna verkefni, hlutapróf, lokapróf, síðasta verkefni, o.s.frv.

Lokanámsmatstímabil: Með því er átt við tímabil í lok 3, 12 eða 15 vikna námskeiða þar sem lokapróf eða síðasta verkefni fara fram eða er skilað. Þegar talað er um að námskeið séu 3, 12 eða 15 vikur að lengd er átt við lengd kennslutímabils fyrir utan lokanámsmatstímabilið. Í raun eru því þessi námskeið lengri sem nemur lokanámsmatstímabilinu. Áður var lokanámsmatstímabil kallað prófatímabil, en með þeirri auknu áherslu á fjölbreytt námsmat sem nú er að finna í þessum reglum þótti réttara að tala um

lokánámsmatstímabil í stað prófatímabils. Þessi áherslubreyting varð einnig til þess að nú er lagt til að auk lokaprófa sé kennurum heimilt að leggja fyrir svokallað síðasta verkefni á þessu lokánámsmatstímabili. Sjá nánar umfjöllun hér að neðan og athugasemdum við greinar 1.3.1 og 2.2.

Lokapróf: Með lokaprófi er átt við próf sem fer fram á lokánámsmatstímabili annar, þ.e. í lok annar. Ekki er þó útilokað að ef sérstaklega stendur á kunni lokapróf að vera haldið áður en lokánámsmatstímabil hefst. Þó að með lokaprófi sé oftast átt við munnlegt, verklegt eða skriflegt próf í kennslustofu útilokar það ekki að um heimapróf sé að ræða. Sjá nánar athugasemdir við grein 2.2.

Síðasta verkefni: Þegar talað er um síðasta verkefni í þessum reglum er í raun átt við síðasta verkefni í viðkomandi námskeiði. Undir orðið verkefni eins og það er túlkað hér geta í raun fallið allir aðrir námsmatsþættir en lokapróf. Fram til þessa hefur almenna reglan innan HR verið sú að í þeim námskeiðum sem ekki enda með lokaprófi þurfi síðasta námsmatsþætti (t.d. síðasta verkefni) að vera lokið áður en prófatímabil (nú lokánámsmatstímabil) hefst. Þessu hefur nú verið breytt. Því er kennara t.d. heimilt að leggja síðasta verkefni námskeiðsins fyrir inni á þessu tímabili, t.d. heimaverkefni sem nemendur hafa einn sólarhring til að vinna. Þetta gæti einnig verið verkefni í kennslustofu, þess vegna með yfirsetu. Kennara er einnig heimilt að ákveða að nemendur megi skila þessu verkefni allt fram á síðasta dag lokánámsmatstímabils. Undir síðasta verkefni falla því í raun hverjir þeir síðustu námsmatsþættir námskeiða, aðrir en próf, sem ýmist eru lagðir fyrir og skilað á lokánámsmatstímabilinu eða lagðir fyrir og skilað á þessu tímabili. Sjá nánar umfjöllun um síðasta verkefni í athugasemdum við greinar 1.3.1 og 2.2.

Próf: Þegar talað er um próf er eftir atvikum, þó ekki alltaf, bæði átt við lokapróf og hlutapróf.

4. Athugasemdir við einstakar greinar eða undirmálgreinar reglnanna

Um 1. gr.

1.

Í þessari grein er fjallað um nokkur almenn atriði sem tengjast námi við HR. Fyrirsögn greinarinnar er í raun upptalning á þeim efnisatriðum sem fjallað er um í einstökum undirmálgreinum hennar. Að hluta til er hér á ferð endurröðun á ákvæðum sem voru fyrir í 1. gr. reglnanna eða eftir atvikum í öðrum greinum þeirra eins og þær voru fyrir breytinguna 2018 og að hluta til er um að ræða ný eða talsvert breytt ákvæði. Nánar verður komið inn á þetta í athugasemdum við einstakar undirmálgreinar 1. greinar.

1.1

Regla sú sem fram kemur í fyrsta málslið greinar 1.1 byggir á þeirri meginreglu að nemandi sem stundar fullt nám við HR skuli ljúka 60 ECTS einingum á ári, þ.e. 30 einingum á haustönn og 30 einingum á vorönn. Almennt á því ekki að skrá nemendur í fleiri en 30 einingar á önn. Í 2. málslið greinarinnar kemur þó fram að einstakar deildir HR geti heimilað nemendum að skrá sig í allt að 38 einingar á önn. Hér er í raun verið að opna á að deildir geti heimilað nemendum að bæta við sig einu auka námskeiði á önn umfram fullt nám. Þar sem ekki eru öll námskeið við HR 6 einingar, geta t.d. verið 7,5 eða 8 einingar, er í þessu ákvæði miðað við 38 einingar. Þá er í þessu ákvæði, eins og á fleiri stöðum í þessum reglum, tekið fram að það sé viðkomandi deild sem hafi umrædda heimild. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að hver deild um sig geti ákveðið að ákvörðunarvaldið skuli vera í höndum annarra innan deildar, t.d. námsráðs eða deildarskrifstofu.

Þrátt fyrir framangreint er í 3. málslið greinarinnar tekið fram að ef mjög ríkar ástæður séu til megi viðkomandi deild veita frekari undanþágu frá meginreglunni um 30 einingar á önn. Það liggur í hlutarins eðli að þessu undantekningarákvæði er deildum HR ætlað að beita þröngt enda er, þegar svona háttar til, verið að veita nemendum heimild til að vera í talsvert meira en fullu námi (starfi). Þá skal jafnframt

áréttað í tengslum við heimild deilda til að víkja frá meginreglu 1. málslíðar að í grunnnámi er einungis mögulegt að heimila nemendum að bæta við sig aukánámskeiði á hinum svokölluðu 12 vikna námskeiðstímabilum. Því er t.d. óheimilt að taka tvö lotunámskeið í lok anna í grunnnámi á sama tíma (3 vikna námskeið) enda fæli það í sér heimild til að vera í 200% námi í þessar rúmlega 3 vikur.

1.2

1.2.1

Fyrir breytinguna 2018 var 1. mgr. 1. gr. svohljóðandi: „Nemandi ber ábyrgð á að skrá sig í námskeið innan tímamarka sem eru tilkynnt í almanaki Háskólans í Reykjavík (HR) enda gildir skráning í námskeið jafnframt sem skráning í próf.“

Samþykkt var að taka eftirfarandi orðalag í lok ákvæðisins út: „enda gildir skráning í námskeið jafnframt sem skráning í próf.“ Var talið að þetta liggja í hlutarins eðli og því þurfi þetta orðalag ekki að vera í reglunum.

1.2.2

Eins og fram kemur í 1. málslíð greinarinnar er það á ábyrgð nemenda að sjá til þess að þeir séu réttilega skráðir í eða úr námskeiðum enda ber hver og einn nemandi ábyrgð á eigin námi. Hvað skráningu nánar varðar þá er málum nokkuð ólíkt varið eftir því hvort um er að ræða svokölluð 12 eða 15 vikna námskeið í grunn- eða meistaranámi eða 3 vikna námskeið (lotunámskeið) í lok anna í grunnnámi. Hvað fyrri námskeiðin varðar þá segir í 2. málslíð að meginreglan sé sú að nemendur geti skráð sig í námskeið á fyrstu tveimur kennsluvikum annar og úr námskeiði á fyrstu fjórum vikum annar. Skráningu í þriggja vikna námskeið má hins vegar breyta í síðustu kennsluviku tólf vikna tímabils en nemandi getur skráð sig úr námskeiði í fyrstu viku þess.

Eftir að framangreindir frestir eru liðnir er almenna reglan sú að nemendum er ekki heimilt að breyta skráningu, t.d. skrá sig úr námskeiði af hvaða ástæðu sem er. Það liggur þó fyrir að nemendur geta forfallast eftir umrædd tímamörk, nokkuð sem getur hindrað þá í að stunda nám með þeim hætti sem að var stefnt. Vegna þessa er nú lagt til að inn í ákvæðið komi sérstök heimild fyrir deild til að heimila nemendum að segja sig úr námskeiðum þó framangreindir frestir séu liðnir. Hér er þó gerð krafa um gildar ástæður og eru veikindi og slys nefnd í því sambandi. Þó svo að þessi ákvörðun verði í höndum einstakra deilda skólans stendur vilji HR til þess að leitað verði leiða til þess að framkvæmdin verði eins í öllum skólanum. Þetta ákvæði um viðbótarfresti til að segja sig úr námskeiðum getur einnig haft þýðingu fyrir túlkun greinar 1.6.1. Þá má nefna í þessu sambandi að eftir atvikum geta áföll sem nemandi verður fyrir á meðan á námi stendur verið þess eðlis að reynt geti á reglur um sértæk úrræði fyrir nemendur Háskólans í Reykjavík. Sjá nánar í því sambandi grein 1.10.

Meginreglur greinar 1.2.2 um skráningu í og úr námskeiðum eiga eftir aðstæðum ekki vel við þegar skipulag t.d. 12 eða 15 vikna námskeiða byggir á því að kennsla fari fram í aðskildum lotum innan þessa tímabils, þ.e. ekki sé um að ræða samfellda kennslu yfir allt tímabilið. Þegar svo háttar til gæti t.d. sú staða verið uppi að fyrsta lota námskeiðs hefjist ekki fyrr en eftir að fjórar vikur eru liðar af námskeiði og nemendum því ekki lengur heimilt samkvæmt meginreglu greinar 1.2.2 að segja sig úr því námskeiði af hvaða ástæðu sem er. Vegna þessa er í grein 1.2.2 valin sú leið að heimila einstökum deildum HR að setja sérstakar reglur um skráningu í og úr námskeiðum sem kennd eru í aðskildum lotum. Sambærilega reglu er einnig að finna um námskeið sem eru kennd í styttri samfeldum lotum en 12 eða 15 vikur en þó lengri en 3 vikur. Sem dæmi um það síðast nefnda má nefna 10 eininga meistaranámskeið í íþróttáfræði sem kennd eru á 6 vikum.

1.2.3

Þessu ákvæði var ekki breytt 2018. Það er hins vegar flutt frammar í 1. gr. en raunin var í eldri útgáfu reglnanna. Tilgangurinn með þeim flutningi er að tengja það betur almennum ákvæðum um skráningu. Hér er verið að segja að HR megi ganga út frá því að sá sem ekki greiðir skólagjöld hafi ekki hug á að stunda frekara nám.

1.3

Í greinum 1.3.1-1.3.3 er fjallað um áhrif þess að nemandi af ólíkum ástæðum lýkur ekki einstökum námsmatsþáttum á réttum tíma.

1.3.1

Í greininni er fjallað um áhrif þess þegar nemandi mætir ekki í hluta- eða lokapróf eða skilar ekki verkefnum sem gilda til einkunna. Almennt eru áhrif þess þau að nemandinn fær einkunnina núll fyrir viðkomandi námsmatsþátt. Ef um er að ræða lokapróf eða síðasta verkefni í námskeiði eru áhrif fjarvista alvarlegri, þ.e. leiða til þess að nemandinn fær einkunnina núll í námskeiðinu. Hér skal sérstaklega áréttað að í síðargreinda tilvikinu eru áhrifin þau sömu hvort heldur sem um er að ræða lokapróf eða síðasta verkefni, þ.e. núll í viðkomandi námskeiði. Þegar í reglum þessum er rætt um síðasta verkefni er átt við síðasta verkefni sem lagt er fyrir í viðkomandi námskeiði. Undir orðið verkefni, eins og það er túlkað hér, geta í raun fallið allir aðrir námsmatsþættir en lokapróf. Undir síðasta verkefni falla því í raun hverjir þeir síðustu námsmatsþættir námskeiða, aðrir en próf, sem ýmist eru lagðir fyrir og skilað á lokanámsmatstímabilinu eða lagðir fyrir fyrir og skilað á þessu tímabili. Hér þarf þó að hafa í huga að eftir atvikum kann nemandinn að eiga rétt á að gera aðra tilraun til að skila viðkomandi námsmatsþætti. Hvort sú er raunin ræðst af grein 5.1.6 og skipulagi hvers námskeiðs um sig. Sjá einnig athugasemdir við grein 1.3.2.

Þegar í reglum þessum er rætt um hlutapróf er átt við öll önnur próf en lokapróf. Með orðum eins og áfangapróf, skyndipróf, miðanna próf o.s.frv. er því átt við hlutapróf.

1.3.2

Í þessari grein kemur í fyrsta lagi fram að nemandi sem ekki mætir í lokapróf eða síðasta verkefni kann stundum að eiga rétt á að taka viðkomandi námsmatsþátt seinna. Slíkt ræðst af grein 5.1.6 og skipulagi viðkomandi námskeiðs. Rétt er að hafa í huga að ekki er lengur gert ráð fyrir því í þessum reglum að nemandi sem er veikur þegar lokapróf eða síðasta verkefni fer fram þurfi að skila læknisvottorði. Þetta leiðir til þess að þó sumstaðar í reglunum sé áfram talað um sjúkra- og endurtektarrétt nemenda er í raun verið að fjalla um seinni möguleika af tveimur til þess að taka viðkomandi námsmatsþátt. Það er sem sagt ekki lengur gerður greinarmunur á þeim nemendum sem nýta sér seinni möguleikann eftir því hvort þeir voru veikir í fyrra sinn eða mættu þá en náðu ekki þeim árangri sem að var stefnt. Um þessa breytingu tengda læknisvottorðum er nánar fjallað í athugasemdum við greinar 5.1.1-5.1.3.

Þá kemur jafnframt fram að skráning í endurtekt, þ.e. að nemandi öðlast möguleika á að taka viðkomandi námsmatsþátt seinna, gerist sjálfkrafa með tilkynningu samkvæmt grein 5.1.1. Með þessu er átt við að þeim nemanda sem tilkynnir forföll til nemendabókhalds áður en lokapróf er haldið eða síðasta verkefni lagt fram er heimilt að taka sjúkra- og endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektarverkefni. Framkvæmdin er sú að þegar nemandi greiðir tiltekið gjald í almennri afgreiðslu HR, sjá grein 1.3.3, er hann formlega skráður í endurtekt. Auk þessa er hnykkt á því í greininni hvenær sjúkra- og endurtektarréttur á sér stað.

1.3.3

Í greininni er m.a. tekið fram að gjald fyrir sjúkra- og endurtektarlokapróf og sjúkra- og endurtektarsíðasta verkefni megi sjá undir Skólagjöld á vef HR. Eins og fram kom í athugasemdum við

grein 1.3.2 skiptir ekki lengur máli hvort þeir nemendur sem nýta sér þessa sjúkra- eða endurtektarheimildir voru veikir í fyrra sinn eða mættu þá en náðu ekki þeim árangri sem að var stefnt. Þessu veldur að ekki er lengur farið fram á að þeir sem eru veikir skili læknisvottorði. Vegna þessa er gjaldskrá HR almennt miðuð við að þeir nemendur sem nýta sér rétt til að taka sjúkra- eða endurtektarlokapróf og sjúkra- og endurtektarsíðasta verkefni skuli greiða sama gjald. Hér er þó ein undantekning á. Þannig er gjaldinu ætlað að standa undir beinum aukakostnaði HR vegna þessa sjúkra- og endurtektarmöguleika. Þar er fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna yfirsetu og húsnæðis. Af þessu leiðir að ef sjúkra- og endurtektarpróf eða síðasta verkefni sem um ræðir er heimapróf eða heimaverkefni, þurfa nemendur ekki að greiða gjaldið.

1.4

1.4.1 og 1.4.2

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega.

1.5

Hér er lögð áhersla á að nemendur kynni sér þær reglur um tímasókn sem viðkomandi deild kann að hafa sett, t.d. í reglum um grunn- eða meistaranám, eða reglur um tímasókn sem á grundvelli reglna deilda hafa verið settar í einstökum námskeiðum.

1.6

Hér var fyrirsögn breytt frá því sem var í eldri útgáfu reglnanna enda var fyrri fyrirsögn; „Þreytt próf“, ekki í nægjanlegu góðu samræmi við efnislegt innihald greinarinnar.

1.6.1

Þessi grein tengist greinum 1.7 um námsframvindu, 1.8 um endurinnritun og 1.2.2 þar sem m.a. er fjallað um möguleika nemenda að segja sig úr námskeiðum eftir að þau eru hafin. Eins og fram kemur í 1. málslíð þessarar greinar getur nemandi setið hvert námskeið tvisvar sinnum og þreytt alla námsmatsþætti þess í bæði skiptin. Síðan kemur fram að nemandi telst hafa setið viðkomandi námskeið ef hann er ennþá skráður í það eftir að frestir þeir sem um er fjallað í grein 1.2.2 eru liðnir. Af þessu leiðir að almenna reglan hvað varðar t.d. 12 og 15 vikna námskeið er sú að ef nemandi er skráður í námskeið eftir að fjórar vikur eru liðnar af því telst hann hafa setið það í skilningi þessarar greinar þó hann ákveði seinna að hætta í námskeiðinu. Ef hins vegar nemandinn fær heimild til að hætta í námskeiði á grundvelli gildra ástæðna eftir að hinir almennu frestir eru liðnir, myndi hann ekki teljast hafa setið námskeiðið í skilningi greinar 1.6.1. Hvað nánar varðar túlkun orðalagsins um að nemandi fái tækifæri til að þreyta alla námsmatsþætti námskeiðsins í bæði skiptin þá er þar í raun ekki átt við annað en að viðkomandi nemandi hafi sömu möguleika á að ljúka öllum námsmatsþáttum námskeiðs og aðrir nemendur. Þetta þýðir með öðrum orðum að þó t.d. í námskeiði sé það skilyrði sett fyrir því að nemandi megi fara í lokapróf eða síðasta verkefni að hann hafi náð ákveðnum lágmarksárangri í einhverjum ákveðnum námsmatsþáttum, þá telst hann engu að síður hafa fengið tækifæri til að þreyta alla námsmatsþætti námskeiðsins þó hann fái ekki rétt til að fara í lokaprófið eða síðasta verkefnið.

Ef nemandi nær lágmarkseinkunn í hvorugt skiptið sem hann situr námskeiðið telst námsframvinda hans ófullnægjandi. Óski hann engu að síður eftir því að halda áfram námi ber honum að óska eftir endurinnritun hjá viðkomandi deild. Í greininni kemur fram að um endurinnritun fer samkvæmt grein 1.8 og reglum einstakra deilda um námsframvindu og endurinnritun. Þær þurfa ekki að öllu leyti að vera eins þó allar deildir séu bundnar af reglum HR um námsframvindu, en í þær er m.a. vitnað í grein 1.7.

1.6.2

Í greininni kemur fram að nemandi er heimilt að endurtaka námskeið einu sinni kjósi hann svo. Ekki skiptir máli hvort nemandi náði lágmarksárangri í fyrra skiptið eða ekki. Þessi heimild leiðir í raun beint af réttinum til að sitja hvert námskeið tvisvar, samanber grein 1.6.1. Kjósi nemandi að endurtaka námskeið þarf hann að endurtaka alla námsmatsþætti þess og árangur í seinna skiptið gildir hvort heldur sem hann er betri eða verri en í fyrra skiptið. Þannig gæti í versta falli reynt á grein 1.6.1 ef nemandi sem náð hefur lágmarksárangri í fyrra skiptið ákveður að endurtaka námskeiðið með þeim afleiðingum að hann fellur. Framangreint leiðir því til þess að ef nemandi tekur námskeið aftur þá þarf hann að taka alla námsmatsþætti upp aftur hvort sem hann er að endurtaka námskeið til að reyna að hækka einkunn eða vegna þess að hann féll.

1.7

Í greininni er vísað til samræmdra reglna HR um framvindu, hámarksnámstíma, mat á fyrra námi og námshlé. Þrátt fyrir að þessar reglur séu samræmdar koma þær ekki í veg fyrir að settar séu ítarlegri reglur um þessa þætti hjá einstökum deildum HR. Sjá t.d. í því sambandi tilvísun í grein 1.8 um kröfur einstakra deilda um námsframvindu. Nemendur þurfa því einnig að kynna sér sérreglur viðkomandi deilda.

1.8

Í greininni kemur fram að einstakar deildir setja sér reglur um námsframvindu og ef nemandi uppfyllir þær ekki þarf hann að sækja um endurinnritun ef hann óskar eftir því að halda áfram námi. Eins og kom fram í athugasemdum við grein 1.7 geta reglur einstakra deilda um námsframvindu eftir atvikum verið ítarlegri en samræmdar reglur HR. Þó svo að kröfur um námsframvindu ráðist af reglum deilda og samræmdum reglum HR, kemur fram í greininni að fallist deild á endurinnritun þarf nemandi í grunnnámi að endurtaka námskeið sem hann hefur lokið með einkunn lægri en 6,0. Í meistaranámi ræðst þetta hins vegar af reglum einstakara deilda.

1.9

Ekki var talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

1.10

Þessi regla, sem fjallar almennt um sértæk úrræði sem nemendum kunna að standa til boða í tengslum við nám í HR, kemur í stað greinar 6.15 í eldri útgáfu reglnanna. Með þessu almenna ákvæði er grein 6.15 í eldri útgáfu reglnanna felld úr gildi en hún fjallaði aðeins um sérúrræði sem tengjast próftöku. Í raun kemur fram í þessari grein 1.10 að um sértæk úrræði í námi fari almennt samkvæmt sérstökum reglum HR um það efni. Eins langt og þær reglur gefa möguleika á kunna einstakar deildir einnig að setja sér reglur þessu tengdar.

Um 2. gr.

2.

2.1

Af stefnu HR, reglum HR frá 2017 um gæðakerfi náms og kennslu, skipulags og starfsreglum HR og gæðahandbók kennara, má greinilega sjá að vilji skólans stendur til þess að bjóða nemendum framúrskarandi menntun. Menntun sem skilar víðtækri þekkingu á fagsviði, djúpum skilningi á einstökum þáttum, hugtökum og kenningum, leikni í að beita aðferðum fagsviðs og hæfni til að nýta þekkingu í námi og starfi. Þessar áherslur birtast síðan bæði í sundurliðuðum lærdómsviðmiðum fyrir einstakar námslínur í HR og öllum námskeiðum innan þeirra. Þetta er í samræmi við kröfur sem gerðar eru til æðri menntunar sbr. 5. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og auglýsingu nr. 530/2011 um æðri

menntun og prófgráður. Þá koma áherslur HR á fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir, raunhæf verkefni, virka þátttöku nemenda og tengsl námsins við atvinnulíf og samfélag, greinilega fram í þessum reglum.

HR byggir á því að gæði náms verði best aukin og tryggð með verkefnatengingu náms- og námsmats í öllu námi. Í námskeiðum við skólann skal leggja sérstaka áherslu á allt í senn þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Mikilvægt er að þessar áherslur birtist með greinilegum hætti í öllu námi og námsmati við skólann.

Grein 2.1 er ætlað að leggja áherslu á þennan fjölbreytileika í kennsluháttum, námi og námsmati. Efnismikil þekking á viðfangsefni námskeiða er mikilvæg nemendum. Í raun er hún sá grunnur sem námið er byggt á. Þekking án þjálfunar í leikni og hæfni dugar þó skammt í þeim viðfangsefnum sem gera má ráð fyrir að bíði flestra nemenda að námi loknu. Það er mikilvægt að allt nám í HR taki mið af þeirri staðreynd.

Vegna framangreinds er í grein 2.1 kveðið á um að kennarar skuli tryggja að í námsmati í einstökum námskeiðum reyni almennt á hreina þekkingu, á aðra þætti þekkingar, á leikni eða hæfni eða leikni og hæfni. Að baki þessu liggur vilji HR til fjölbreytts námsmats og það viðhorf skólans að aðalmálið sé ekki hvað viðkomandi námsmatsþáttur heitir, þ.e. próf, verkefni o.s.frv., heldur skipti mestu að hann auki líkurnar á að lærdómsviðmið (þekking, leikni og hæfni) viðkomandi námskeiðs náist. Sjá einnig athugasemdir við grein 2.2. Framangreint gildir um öll námskeið sem kennd eru við HR.

Með hreinni þekkingu er vísað til vitneskju eins og hún birtist í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, til að mynda með lýsingu eða frásögn. Innan þekkingarviðmiðsins þar er einnig að finna innsæi, skilning og geta fært rök fyrir eigin úrlausn. Hrein þekking vísar ekki til þess heldur er þar í raun átt við hreinan utanbókarlærdóm án þess að jafnframt sé gerð krafa um að nemandinn sýni fram á raunverulegan skilning á efninu. Grein 2.1 er ætlað að beina áherslum í námsmati frá mati á slíkri hreinni þekkingu í átt að námsmati þar sem leitast er við að sannreyna hvort fyrir hendi sé raunverulegur skilningur, leikni og hæfni nemenda þegar kemur að við komandi viðfangsefni. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að lærdómsviðmiðin leikni og hæfni byggja alltaf á þekkingu. Eða sagt með öðrum orðum, leikni og hæfni eru byggð ofan á hreina þekkingu. Því má segja að í öllu námsmati reyni í grunninn á hreina þekkingu. Grein 2.1 er ekki ætlað að breyta því, aðeins að stuðla að því að lærdómsviðmið (þekking, leikni og hæfni) viðkomandi námskeiðs náist.

Grein 2.1 er ný, þ.e. sambærilega reglu var ekki að finna í almennum reglum HR um nám og námsmat fyrir breytinguna 2018. Þá er rétt að hafa í huga að greinar 2.1 og 2.2, sem einnig er ný, eru í raun nátengdar. Þær byggja báðar á þeirri forsendu að við HR skuli boðið upp á fjölbreytt nám og námsmat þar sem reynir á þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Þessum tveimur greinum er því í sameiningu ætlað að teikna upp ákveðinn ramma í kringum um allt námsmat í námskeiðum við HR.

2.2

Eins og fram kom í athugasemdum við grein 2.1 er í HR lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir, nám og námsmat. Þá á bæði nám og námsmat við skólann að byggja að verulegu leyti á verkefnatengdri nálgun. Auk þessa byggir HR á þeirri forsendu að nálgast eigi nám við skólann eins og vinnu og að sú vinna eigi að vera sem jöfnust yfir allar námsannir. Þessa eigi einnig að sjást merki í námsmati, þ.e. að það feli í sér ákveðið símat. Námsmat í öllum námskeiðum á því almennt að byggja á fleiri en einum námsmatsþætti. Grein 2.2 byggir á framangreindum forsendum.

Þegar í 1. málslíð greinar 2.2 segir að lokapróf og síðasta verkefni mega að hámarki gilda samtals 70% af heildarnámsmati í námskeiðum í grunn- og meistaranámi, er þó ekki verið að útiloka að sú staða geti komið upp í námskeiði að t.d. lokapróf gildi 100% gagnvart einstaka nemanda, þó meginreglan sé önnur. Eftirfarandi er dæmi um þetta: Námsmat í tilteknu grunnnámskeiði er þannig byggt upp að boðið er upp á fjögur verkefni sem samtals gilda 40% og lokapróf sem gildir 60%. Nemendur þurfa að skila þessum

fjórur verkefnum en þau gilda þó aðeins til hækkunar. Slíkt fyrirkomulag væri ekki í andstöðu við 70% regluna í fyrsta málslið. Ástæðan er sú að almennt er slíkt fyrirkomulag ívilnandi fyrir nemendur, þ.e. hvetur þá til að standa sig vel í verkefnunum en ef svo fer ekki eiga þeir möguleika á að bæta þar úr í 100% lokaprófi. Þá útilokar reglan í 1. málslið ekki heldur að hlutapróf og lokapróf gildi samtals 100%. Hér sem endranær ber þó að hafa í huga markmiðið að baki grein 2.1. Þá væntir HR þess að almennt megi nemendur reikna með að námsmatsþættir þeir sem gilda til einkunna í námskeiðum séu frekar fleiri en færri samanber það sem að framan segir um jafna vinnu yfir önnina, fjölbreytt námsmat og símat.

Með lokaprófi í 1. málslið er átt við próf sem fer fram á lokanámsmatstímabili annar, þ.e. í lok annar. Ekki er þó útilokað að ef sérstaklega stendur á kunni lokapróf að vera haldið áður en lokanámsmatstímabil hefst. Þó að með lokaprófi sé oftast átt við munnlegt, verklegt eða skriflegt próf í húsnaði HR útilokar það ekki að um heimapróf sé að ræða. Í eldri útgáfu reglnanna var lokanámsmatstímabil kallað prófatímabil, en með þeirri auknu áherslu á fjölbreytt námsmat sem nú er að finna í þessum reglum þótti réttara að tala um lokanámsmatstímabil í stað prófatímabils. Þessi áherslubreyting varð einnig til þess að auk lokaprófa er kennurum nú heimilt að leggja síðasta verkefni námskeiðs fyrir á þessu lokanámsmatstímabili. Eins og áður hefur komið fram er með síðasta verkefni í þessum reglum átt við síðasta verkefni í viðkomandi námskeiði. Sjá einnig í þessu sambandi t.d. athugasemdir við grein 1.3.1. Þar kemur m.a. fram að undir síðasta verkefni í þessum reglum geta í raun fallið allir aðrir námsmatsþættir en lokapróf. Undir síðasta verkefni falla því í raun hverjir þeir síðustu námsmatsþættir námskeiða, aðrir en lokapróf, sem ýmist eru lagðir fyrir og skilað á lokanámsmatstímabilinu eða lagðir fyrir fyrir og skilað á þessu tímabili.

Fram til þessa hefur almenna reglan innan HR verið sú að í þeim námskeiðum sem ekki enda með lokaprófi þurfi síðasta námsmatsþætti (t.d. síðasta verkefni) að vera lokið áður en prófatímabil (nú lokanámsmatstímabil) hefst. Þessu hefur nú verið breytt. Því er kennara t.d. heimilt að leggja síðasta verkefnið fyrir á þessu tímabili, t.d. heimaverkefni sem nemendur hafa einn sólarhring til að vinna. Þetta gæti einnig verið verkefni í stofu þess vegna með yfirsetu. Með þessum hætti er enn frekar lögð áhersla á að próf er hvorki betri eða verri námsmatsaðferð en t.d. heimaverkefni. Hér er í raun verið að ítreka vilja HR til fjölbreytts námsmats og það viðhorf skólans að aðalmálið sé ekki hvað viðkomandi námsmatsþáttur heitir, þ.e. próf, verkefni o.s.frv., heldur skipti mestu að hann auki líkurnar á að lærdómsviðmið (þekking, leikni og hæfni) viðkomandi námskeiðs náist. Sjá einnig í þessu sambandi athugasemdir við grein 2.1.

Eins og fram kemur í grein 2.3 þarf námsmatsstjóri að gera ráð fyrir þessum síðustu verkefnum, eins og gildir um venjuleg lokapróf, þegar lokanámsmatstímabilið er skipulagt. Einnig getur kennari t.d. heimilað að nemendur megi skila síðasta verkefni allt fram á síðasta dag lokanámsmatstímabils.

Þegar fyrirkomulagi anna í grunnnámi var breytt í það sem oft er kallað 12:3 var grunnhugsunin sú að stefna ætti að því að þriggja vikna námskeið (lotunámskeið), sem koma í kjölfar tólf vikna námskeiða, yrðu að meginstefnu til verkefnatengd. Í þeim ætti því almennt ekki að vera lokapróf. Raunin hefur þó orðið nokkuð önnur, þ.e. í flestum deildum HR hafa þessi þriggja vikna námskeið í nokkru mæli verið notuð til að kenna hefðbundin námskeið sem voru áður kennd á lengri tíma. Vissulega eru þó undantekningar þar á. Það hefur aftur orðið til þess að deildir (kennarar) hafa talið þörf á að hafa lokapróf í þeim námskeiðum. Á meðan deildir eru að vinna að því að þróa betur kennslu og námsmat í þessum þriggja vikna námskeiðum var því ákveðið að setja ekki í þessar reglur sérreglu um hámarksvægi lokaprófa eða síðustu verkefna fyrir þau.

Eins og gildir t.d. um námskeið sem kennd eru á 12 vikum er einnig gert ráð fyrir lokanámsmatstímabili í lok þriggja vikna námskeiða. Í dag eru þetta tveir dagar sem nefndir eru námsmatsdagar. Þessa daga má t.d. nota fyrir síðustu verkefni, lokapróf eða eftir atvikum verkefnasýningu fyrir nemendur. Þegar talað er um að námskeið séu 3, 12 eða 15 vikur að lengd er átt við lengd kennslutímabils fyrir utan lokanámsmatstímabilið (prófatímabil). Í raun eru því þessi námskeið lengri sem nemur lokanámsmatstímabilinu.

Í grein 2.2 er sérstaklega tekið fram að reglan um að lokapróf og síðasta verkefni mega að hámarki gilda samtals 70% af heildarnámsmati í námskeiðum í grunn- og meistaranámi gildi ekki um lokaverkefni námsbrauta. Um þau verkefni gilda sérstakar reglur HR og eftir atvikum sérreglur viðkomandi deilda. Þannig eru í gildi almennar reglur HR um skil á lokaverkefnum í grunn-, meistara- og doktorsnámi sem samþykktar voru af framkvæmdastjórn HR 12. júní 2015, sjá: <https://www.ru.is/namid/reglur/lokaverkefni/>. Í þeim reglum er almennt átt við lokaritgerðir þegar orðið lokaverkefni er notað. Þá má hér einnig benda á að t.d. í tölvunarfræðideild (TD) og tækni- og verkfræðideild (TVD) eru til sérreglur um lokaverkefni sem taka til stærri verkefna sem koma í stað hefðbundinna námskeiða. Þannig er t.d. í TVD sterk hefð fyrir því að lokaverkefni sé a.m.k 12 ECTS einingar og unnið á síðustu önn námsins (t.d. í iðnfræði, tæknifræði, iþróttافرæði og MSc verkfræði). Um mat og vinnu við þessi verkefni gilda sérstakar reglur.

2.3

Skrifleg og munnleg lokapróf og síðustu verkefni eru almennt haldin á lokanámsmatstímabili í lok námskeiða á hverri önn. Ef kennari vill t.d. hafa síðasta verkefni í námskeiði inni á lokanámsmatstímabili þarf hann að gera nemendum grein fyrir því í upphafi námskeiðs og láta námsmatsstjóra einnig vita. Námsmatsstjóri getur þá gert ráð fyrir síðustu verkefnum, eins og gildir um venjuleg lokapróf, þegar lokanámsmatstímabilið er skipulagt og útbúin tafla fyrir próf og síðustu verkefni. Ef t.d. nemandi hefur alla önnina til að vinna síðasta verkefni, þ.e. þó skiladagur sé inn á lokanámsmatstímabili, þarf ekki að gera sérstaklega grein fyrir því verkefni í skipulagi lokanámsmatstímabilsins.

2.4

Í þessum reglum um nám og námsmat er orðið námsmat almennt notað þar sem í eldri útgáfu reglnanna stóð próf. Því er í þessari grein t.d. talað um námsmatsstjóra í stað prófstjóra. Þá er gert ráð fyrir því að námsmatsstjóri ráðfæri sig við deildarforseta áður en lokanámsmatstímabil er skipulagt, þ.e. lokaprófum og síðustu verkefnum raðað upp. Eins og almennt gildir í þessum reglum, þegar gert er ráð fyrir aðkomu deildar eða deildarforseta, er þó einstökum deildum heimilt að ákveða að námsmatsstjóri skuli hafa samráð við einhvern ákveðinn tilgreindan aðila eða ráð innan viðkomandi deildar.

2.5

Í greininni er byggt á þeirri meginreglu að lokapróftími eða síðasta verkefnistími í kennslustofu skuli ekki vera styttri en tvær klukkustundir og ekki lengdri en fjórar klukkustundir. Forseta deildar er þó veitt viss heimild til að víkja frá meginreglunni. Sem dæmi má nefna að deildarforseti gæti heimilað styttra lokapróf ef vægi prófsins er lítið. Hvað aðra námsmatsþætti varðar er ekki að finna neina slíka reglu um lágmarkstímalengd. Því getur t.d. hlutapróf eftir atvikum verið styttra.

Þrátt fyrir að í greininni sé byggt á því að kennari eða staðgengill hans komi inn í stofu á meðan lokapróf eða síðasta verkefni fer fram, er það engu að síður meginreglan að kennarinn komi nema hann sé sannarlega forfallaður. Þá er byggt á því í greininni að kennarinn eigi að koma að lágmarki einu sinni inn í stofuna á tímabilinu. Hvort hann kemur oftar ræðst af uppbyggingu og innihaldi prófsins eða verkefnisins. Almennt er reiknað með því að kennarinn sé staddur í HR þann tíma sem lokapróf eða síðasta verkefni stendur yfir.

2.6

2.6.1

Í greininni er fjallað um fresti til að skila einkunnum fyrir einstaka námsmatsþætti. Almenna reglan er sú að settir eru frestir sem gilda um ákveðna námsmatsþætti í öllum námskeiðum í HR og reynt að hafa frestina frekar stutta. Þar sem námskeið innan HR geta verið misjafnlega fjölmenn, er þó valin sú leið

að setja sérreglu um lengri fresti í skilgreindum stórum námskeiðum. Þessi nálgun leiðir til þess að almennt þurfa nemendur ekki að bíða lengi eftir því að fá einkunnir fyrir einstaka námsmatsþætti. Einkunnir eiga því almennt að birtast í nánnum tímalegum tengslum við það efni sem um ræðir hverju sinni nokkuð sem einnig opnar á að hægt er að bjóða upp á endurtekt, þar sem það á við, innan eðlilegs tíma. Á sama tíma eiga frestirnir almennt að vera viðráðanlegir fyrir kennara auk þess sem sérstakt tillit er tekið til þeirra aðstæðna sem fylgja fjölmennum námskeiðum.

Í greininni er því meginreglan sú að einkunnum fyrir skriflega eða verklega námsmatsþætti ber að skila eigi síðar en sjö virkum dögum eftir próf- eða skiladag.

Í þriggja vikna námskeiðum er þó almenna reglan sú að fresturinn til að skila einkunn fyrir alla námsmatsþætti, þar með talið t.d. lokapróf eða síðasta verkefni, er þrjú virkir dagar frá lokum lokanámsmatstímabils. Ef nemendur í viðkomandi námskeiði eru fleiri en 100 er fresturinn fimm dagar. Reglan varðandi þriggja vikna námskeiðin gerir því ráð fyrir að í síðasta lagi á þessu tímamarki hafi einkunnir fyrir alla námsmatsþætti verið birtar. Ástæða þessa er sú að stuttur tími líður frá því að lokanámsmatstímabili lýkur í þessum námskeiðum þar til eftir atvikum er boðið upp á sjúkra- og endurtektarmöguleika. Því er mikilvægt að nemendur viti sem fyrst hvort þeir þurfi t.d. að endurtaka lokapróf eða síðasta verkefni í þessum námskeiðum. Til dæmis hefur verið lögð áhersla á að loka-einkunnir úr öllum námskeiðum haustannar hafi verið birtar fyrir júl. Gert er ráð fyrir því að þetta verði óbreytt. Sambærilega reglu hefur verið að finna í gæðahandbók kennara. Komi sú staða upp að nemendur í þriggja vikna námskeiði á haustönn eru fleiri en 100, og fresturinn til að skila einkunn fyrir alla námsmatsþætti því 5 dagar, munu deildir skólans því tryggja að einkunnir fyrir alla námsmatsþætti hafi verið birtar fyrir júl.

Ef um munnlegt námsmat er að ræða er skilafresturinn tveir dagar og fimm dagar í tilviki sjúkra- og endurtektarlokaprófa og sjúkra- og endurtektar síðustu verkefna.

Eins og að framan greinir er í þessari grein eingöngu fjallað um fresti til að skila einkunnum fyrir einstaka námsmatsþætti, ekki loka-einkunn fyrir námskeiðið í heild. Á því er hins vegar byggt að það leiði af þeirri reglu sem gildir um skil einstakra námsmatsþátta. Þannig ætti t.d. frestur til að skila einkunn fyrir lokapróf og einkunn fyrir námskeið í heild almennt að vera sjö virkir dagar en fimm virkir dagar þegar nemandi tekur sjúkra- og endurtektarlokapróf.

Ef fjöldi nemenda í 12 eða 15 vikna námskeiðum sem þreytir viðkomandi skriflegan námsmatsþátt er meiri en 100 (stór námskeið) er skilafresturinn hins vegar 10 virkir dagar. Þetta þýðir með öðrum orðum að almennu reglurnar gilda um alla námsmatsþætti þar sem nemendur eru 100 eða færri en sérreglan ef þeir eru fleiri en 100.

2.6.2, 2.7 og 2.8

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega.

Um 3. gr.

3.

3.1 og 3.2

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega.

Um 4. gr.

4.

4.1

4.1.1 og 4.1.2

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessara greinar sérstaklega.

4.2

Í greininni er verið að hnykkja á mikilvægi þess að námsmatið taki mið af lærdómsviðmiðum námskeiðsins. Með orðalaginu: „og endurspegla þær áherslur sem lagðar eru í einstökum námskeiðum“, er átt við að námsmatið endurspegli þær áherslur sem koma fram í námskeiðinu í heild, þ.e. jafnt kennsluefninu sjálfu og þeim áherslum sem lagðar eru í tímum. Þessu ákvæði er í raun ætlað að koma í veg fyrir að námsmat sé ekki í samræmi við þær megináherslur sem lagðar eru í námskeiðinu, þ.e. að ekki sé t.d. verið að prófa úr hlutum sem kennari hefur ekki lagt áherslu á.

4.3

4.3.1

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

4.3.2

Í íþróttافرæðinni tíðkast verkleg próf. Ef verklegt próf til dæmis í handbolta er í þremur þáttum (varnarleikur, sóknarleikur og tækniatriði) ber að gefa upp vægi hvers prófþáttar áður en prófið hefst.

4.4

4.4.1 og 4.4.2

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega að öðru leyti en því að hér eins og víðar í þessum reglum er deildum veitt ákveðin heimild sem aftur opnar á mismunandi formlega útfærslu innan einstakra deilda, þ.e. hver skuli taka ákvörðunina sem um ræðir.

4.5

4.5.1

Hér er að finna þá meginreglu að lokaekinn í námskeiði undir 5 í grunnnámi og 6 í meistaranámi er falleinn. Þrátt fyrir framangreint kemur fram í greininni að þegar krafa er gerð um að nemendur nái einhverjum tilteknum námsmatsþáttum (t.d. lokaprófi eða síðasta verkefni) þá telst nemandi hafa náð þeim þætti með einkunnina 5,0 ef hann hefur fengið 4,75 eða meira. Að sama skapi telst nemandi hafa náð einkunninni 6,0 með 5,75 eða meira. Einkunnin 4,75 eða 5,75 fer hins vegar inn í útreikning lokaekinnar.

Með orðalagi síðustu tveggja málslíða þessarar greinar er verið að hnykkja á þeirri meginreglu að fyrir einstaka námsmatsþætti skal einkunnagjöf vera nákvæmari en lokaekinn, þ.e. vera upp á kommu, t.d. 6,7 eða 7,2 á kvarðanum 0-10. Þegar síðan lokaekinn er reiknuð er hún námunduð og gefin í heilum og hálfum sbr. 1. málslíð þessarar greinar. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu getur þó í einstökum tilvikum komið til greina að gefa einkunnir í heilum og hálfum fyrir tiltekna námsmatsþætti. Þetta á fyrst og fremst við um munnlega námsmatsþætti, t.d. próf eða kynningar. Þetta frávik (undantekning) frá meginreglunni skýrir notkun á orðinu „almennt“ í næst síðasta málslíð greinar 4.5.1.

4.5.2

Í greininni kemur fram að almenna reglan er sú að í grunnnámi þarf nemandi að fá að lágmarki einkunn 5,0 í lokaprófi eða síðasta verkefni til þess að eiga möguleika á að ná viðkomandi námskeiði. Takist það ekki reiknast einkunnir fyrir aðra námsmatsþætti ekki inn í lokaeinkunn námskeiðs. Ef t.d. nemandi fær 4,0 í lokaprófi eða síðasta verkefni, verður lokaeinkunn í námskeiðinu 4,0 jafnvel þó einkunnir fyrir aðra námsmatsþætti hafi verið hærri. Framangreindar kröfur gilda um öll námskeið sem eru hluti af grunnnámi viðkomandi nemanda, jafnvel þó um námskeið úr meistaranámi sé að ræða sem nemanda er heimilt að taka sem hluta af grunnnámi sínu. Hér gildir þó það sem fram kemur í grein 4.5.1, þ.e. að nemandi sem náð hefur 4,75 í t.d. lokaprófi eða síðasta verkefni í grunnnámskeiðum, telst hafa náð 5,0. Hér er einnig rétt að minna á að í grein 4.5.5 kemur fram að ef lokapróf eða síðasta verkefni vega 30% eða minna af lokaeinkunn getur viðkomandi deild heimilað að kennari megi víkja frá framangreindum kröfum um lágmarkseinkunn. Hér vísast einnig til athugasemda við grein 4.5.1.

4.5.3

Hér er á ferð eðlislík regla fyrir meistarastig og grunnnámsreglan í grein 4.5.2. Sá munur er þó á að hér er gerð krafa um lágmarkseinkunn 6,0. Með sambærilegum hætti og gildir í grein 4.5.2, teldist þó sá nemandi sem náð hefur einkunn 5,75 í t.d. lokaprófi eða síðasta verkefni hafa náð lágmarkseinkunn 6,0. Að öðru leyti er hér vísað í athugasemdir við greinar 4.5.2 og 4.5.1.

4.5.4

Í þessari grein kemur skýrt fram, eins og áður var komið inn á í athugasemdum við grein 4.5.2, að í lokaprófi eða síðasta verkefni þarf að ná lágmarkseinkunn 5,0 í grunnnámi og 6,0 í meistaranámi til þess að einkunnir fyrir aðra námsmatsþætti reiknist inn í lokaeinkunn fyrir viðkomandi námskeið.

4.5.5 og 4.5.6

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega.

4.6

4.6.1

Í þessari grein er í raun bara verið að hnykkja á því að kennari þarf að veita nemendum fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar varðandi alla námsmatsþætti sem gilda sem hluti af lokaeinkunn í viðkomandi námskeiði, þ.e. ekki bara þegar um hefðbundin próf er að ræða.

4.6.2

Í þessari grein kemur skýrt fram að ef um er að ræða námsmatsþátt sem nemanda ber að vinna einn, þá er almenna reglan sú að allt samráð milli nemenda er óheimilt. Þetta gildir um allt námsmat (ekki bara próf) þar sem um einstaklingsbundin skil er að ræða. Þá er sérstaklega tekið fram í greininni að sá sem veitir aðstoð telst jafn brotlegur og sá sem þiggur hana. Sá sem lánar öðrum úrlausn sína er því jafn brotlegur og sá sem nýtir sér hana í sinni úrlausn. Reglan þýðir sem sagt að ef það er einhver utan HR sem veitir aðstoð hefur það enga þýðingu fyrir viðkomandi á grundvelli þessara reglna. Ef það er t.d. nemandi í sömu deild en ekki í sama námskeiði eða í annarri deild sem veitir aðstoð gæti það leitt til viðurlaga skv. grein 7.3 og ef það er nemandi í sama námskeiði þá er almenna reglan sú að báðir fengju sömu refsingu skv. grein 7.3. Í grein 4.6.3 er þó opnað á mögulegt takmarkað samstarf nemenda þó um einstaklingsskil sé að ræða.

4.6.3

Eins og fram kemur í grein 4.6.2 er meginreglan sú að ef um einstaklingsbundið námsmat er að ræða ber nemendum að vinna einir að úrlausninni, þ.e. án aðstoðar annarra. Nú er það svo að það getur verið misjafnt hvaða línu kennarar hafa markað þegar um einstaklingsbundin skil er að ræða. Á meðan sumir banna nemendum alveg að ræða sín á milli um viðkomandi námsmatsþátt, t.d. verkefni, segja aðrir að það sé í lagi að nemendur ræði saman svo lengi sem hver og einn sest á endanum niður og vinni og skili sinni eigin úrlausn. Grein 4.6.3 er ætlað að tryggja hér ákveðinn sveigjanleika. Því er þar lögð til lausn sem opnar á báða framangreinda möguleika. Það er síðan viðkomandi kennara að gera nemendum skýra grein fyrir því hvaða regla nákvæmlega gildir um slíka vinnu í því námskeiði sem um ræðir hverju sinni. Hér er því gerð krafa til kennara um gott skipulag og upplýsingagjöf til nemenda.

4.6.4

Í þessari grein er verið að leggja áherslu á að innan HR sé höfundaréttur virtur. Þá er jafnframt komið inn á mikilvægi þess að allir nemendur axli þá ábyrgð sem hópastarfi er samfara. Að baki þessu liggur ákveðin siðferðileg forsenda, þ.e. allir eiga að leggja sitt af mörkum, og væntingar um að innan HR skapist það almenna viðhorf að hvorki nemendur né starfsmenn samþykki svokallaða farþega í hópastarfi. Hér gegna nemendur lykilhlutverki, ef þeir samþykkja ekki farþega þá mun þeim fækka og vonandi hverfa. Það mun aftur leiða til þess að auðveldara verður að nota hópaverkefni sem hluta af námsmati. Nemendur þurfa því að segja kennara frá ef einhver tekur ekki þátt í hópastarfi og sá sem ekki tekur þátt á ekki að fá skil fyrir viðkomandi námsmatsþátt.

4.6.5

Þessi grein er í raun beint framhald af því sem fjallað er um í grein 4.6.4. Í greininni, sem er ætlað að stuðla að heilindum í verkefnavinnu, kann þó eftir atvikum að vera komið inn á álitæfni sem einnig eru nefnd í öðrum undirmálgreinum 4. greinar. Þrátt fyrir að í því felist ákveðinn hættu á tvítekingu var þó ákveðið að halda þessu óbreyttu í reglunum. Fyrir því eru fyrst og fremst þau rök að um mikilvæg atriði er að ræða sem full ástæða er til að ítreka. Eins og gildir um grein 4.6.4 liggja ákveðin siðferðileg viðmið að baki þessari reglu. Þar er bæði gengið út frá því að almennt viti nemendur hvað er rétt og rangt í þeim efnum sem um ræðir í greininni og velji að gera það sem rétt er.

4.6.6

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega.

4.7

Í greininni kemur sú meginregla fram að nemandi ber að skila verkefni, eða eftir atvikum hverjum þeim námsmatsþætti sem um ræðir hverju sinni, innan þess frests sem kennari hefur sett. Skili nemandi ekki innan frestsins fær hann núll í einkunn fyrir viðkomandi námsmatsþátt nema kennari hafi ákveðið annað. Ef kennari hefur ákveðið að hann muni samþykkja skil eftir að frestur er úti, ber honum jafnframt að gera nemendum grein fyrir því með greinilegum hætti hvaða áhrif slík sein skil geta haft á einkunn. Þetta þarf kennari að kynna fyrir nemendum strax í upphafi viðkomandi námskeiðs.

Þá var í eldri útgáfu reglnanna, þ.e. fyrir breytinguna 2018, einnig að finna reglu um frest kennara til að skila einkunnum fyrir verkefni og áfangapróf (hlutapróf). Greinin var svohljóðandi: „Kennari skilar einkunnum verkefna og áfangaprófa og hvers konar öðru námsmati sem fram fer á kennslutímabili innan tíu virkra daga frá skiladegi/prófdegi. Telji kennari umfang verkefnis þess eðlis að yfirferð muni taka lengri tíma skal hann upplýsa nemendur um það á vef námskeiðsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar

en á skiladegi verkefnisins.“ Með breytingunum 2018 var þessi grein tekin út úr reglunum, en þess í stað er nú að finna almenna reglu um skil einkunna fyrir einstaka námsmatsþætti í grein 2.6.

4.8

4.8.1-4.8.3

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega.

Um 5. gr.

5.

5.1

5.1.1

Þessi grein byggir á þeim forsendum, nokkuð sem einnig kemur fram í grein 1.3.2, að eftir breytinguna á reglunum 2018 er ekki lengur gerð sú krafa að nemandi sem ekki mætir í lokapróf eða síðasta verkefni vegna veikinda þurfi að skila veikindavottorði. Þess í stað er kveðið á um það í grein 5.1.1 að ef nemandi ætlar ekki að mæta í lokapróf eða síðasta verkefni, af hvaða ástæðu sem er, og ef boðið er upp á sjúkra- og endurtektarrétt í því tilviki, skuli nemandinn senda tölvupóst á nemendabokhald@ru.is, áður en viðkomandi lokapróf hefst eða áður en síðasta verkefni er lagt fram (t.d. opnað í verkefnaskilakerfi). Með þessu skilyrði er t.d. lokað á þann möguleika að nemandi geti skoðað síðasta verkefni sem hann má vinna heima og ákveðið síðan, eftir að hafa séð það, hvort hann tekur það eða sleppir. Það er mjög mikilvægt að nemendur virði þessa tímafresti fyrir tilkynningar, samanber það sem segir í athugasemdum við grein 5.1.2 um afleiðingar þess að gera það ekki. Þessi grein gildir þó aðeins um lokapróf og síðasta verkefni. Ástæða tilkynningaskyldunnar í grein 5.1.1 er í raun oft skipulagslegs eðlis, þ.e. þörfin fyrir að vita fjölda þeirra sem munu mæta í sjúkra- og endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektarverkefni. Eins og fram kemur í grein 5.1.3 er ekki gerð sambærileg krafa um tilkynningar þegar boðið er upp á sjúkra- eða endurtektarrétt varðandi aðra námsmatsþætti en lokapróf og síðasta verkefni. Í þeim tilvikum er oftast um að ræða námsmat sem ekki fer endilega fram í skólastofu og því sjaldnar sömu skipulagslegu ástæður sem gætu kallað á tilkynningarskyldu eins og gildir t.d. um lokapróf.

Framangreint byggir á þeirri forsendu að ef á annað borð er boðið upp á möguleika tvö til að ljúka viðkomandi námsmatsþætti, þ.e. hvort heldur sem er vegna þess að árangur í fyrra sinn var ófullnægjandi eða nemandi var veikur eða einfaldlega valdi að mæta ekki, þá sé öllum heimilt að mæta í seinna skiptið og ljúka viðkomandi námsmatsþætti. Þetta gildir um alla námsmatsþætti og aldrei þarf að skila læknisvottorði þó nemandi hafi verið veikur í fyrra skiptið.

Hér er þó rétt að hafa í huga að í þeim tilvikum sem nemendur velja að sleppa fyrri möguleikanum hafa þeir aðeins eitt tækifæri til að ná fullnægjandi árangri í viðkomandi námsmatsþætti. Hvort boðið er upp á sjúkra- og endurtektarmöguleika í viðkomandi tilviki ræðst af grein 5.1.6 og skipulagi viðkomandi námskeiðs.

5.1.2

Í greininni kemur fram að fullnægjandi tilkynning skv. grein 5.1.1 felur í sér að viðkomandi nemandi er sjálfkrafa skráður í sjúkra- og endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektarverkefni, þ.e. fær möguleika á að taka viðkomandi námsmatsþátt seinna. Þó svo að í greininni sé tekið þannig til orða að tilkynningin feli það í sér að nemandinn sé sjálfkrafa skráður í endurtekt er þó í raun aðeins átt við að tilkynningin tryggi honum heimild til að mæta í endurtekt. Kjósi hann að nýta sér þá heimild er framkvæmdin sú,

nokkuð sem einnig kemur fram í athugasemdum við grein 1.3.2, að nemandinn greiðir tiltekið gjald í almennri afgreiðslu HR, sjá grein 1.3.3, og er þá formlega skráður í endurtekt.

Í framangreindu felst jafnframt að gengið er út frá því að í tilkynningunni samkvæmt grein 5.1.1 felist yfirlýsing viðkomandi nemanda um að hann muni mæta í sjúkra- og endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektarverkefni. Þetta leiðir einnig til þess að nemandi sem ekki sendir fullnægjandi tilkynningu samkvæmt grein 5.1.1 öðlast almennt ekki rétt til að taka sjúkra- og endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektar síðasta verkefni.

5.1.3

Þessi grein er í raun nátengd grein 5.1.1 og fjallar um heimild nemenda til að nýta sér sjúkra- og endurtektarrétt sem boðið er upp á varðandi aðra námsmatsþætti en lokapróf og síðasta verkefni. Eins og gildir um grein 5.1.1 ræðst það af grein 5.1.6 og skipulagi viðkomandi námskeiðs hvort slíkt er í boði. Ekki er hins vegar gerð krafa um að nemendur tilkynni forföll í fyrra skiptið til þess að geta nýtt sér sjúkra- og endurtektarrétt. Þá er hér eins og endranær ekki gerð krafa um læknisvottorð. Ef t.d. nemandi einhverra hluta vegna velur að mæta ekki í fyrra skiptið sem viðkomandi námsmatsþáttur er lagður fyrir, eða mætir en er ósáttur við árangurinn, er honum alltaf frjálst að mæta í seinna skiptið. Hér skiptir því t.d. ekki máli hvort nemandinn sem mætti í fyrra skiptið náði þá lágmarkseinkunn eða ekki, hans er valið. Ef hann velur hins vegar að endurtaka viðkomandi námsmatsþátt gildir seinni einkunn án tillits til þess hvort hún er hærri eða lægri en sú fyrri.

5.1.4

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

5.1.5

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

5.1.6

Greinin er ný, þ.e. ekki var að finna sambærilega reglu í almennum reglum HR um nám og námsmat fyrir breytinguna 2018.

Á sama tíma og HR leggur mikla áherslu á fjölbreytt nám og námsmat vill skólinn tryggja að nemendum sem fatast flugið í einstökum námsmatsþáttum námskeiðs eigi raunverulegan mögulega á að bæta þar úr og ljúka námskeiðinu á réttum tíma. Greinin er ætlað að sameina þessi markmið með því að tryggja ákveðinn lágmarksrétt nemenda til að endurtaka einstaka námsmatsþætti og auka þannig líkur á að það takist að ljúka námskeiðinu með fullnægjandi árangri. Sú leið er valin í ákvæðinu að tala um fullnægjandi lágmarksrétt í stað þess að setja ákveðna prósentutölu á þann hluta námsmats sem skuli fylgja sjúkra – og endurtektarmöguleiki. Þetta þýðir aftur að það kann að vera háð stærð viðkomandi námsmatsþátta og hve langan tíma nemendur hafa til að vinna viðkomandi þátt hvort bjóða þurfi upp á sjúkra- og endurtektarmöguleika eða ekki. Ef t.d. einstakt verkefni eða próf gildir 50% af heildarnámsmati þarf sjúkra- og endurtektarmöguleiki almennt að vera til staðar á meðan niðurstaðan kann að vera önnur ef vægi viðkomandi námsmatsþátts er t.d. 10%. Hér skal ítrekað að markmiðið með reglu 5.1.6 er að tryggja að nemendum sem fatast flugið í einstökum námsmatsþáttum eigi raunverulegan möguleika á að ná lágmarkseinkunn í námskeiðinu. Þessi regla er þó lágmarksregla og þýðir því ekki að nemendur eigi kröfu á að þessi réttur eigi að vera til staðar fyrir allt námsmat í einstökum námskeiðum.

Ef lágmarksréttur er tryggður telst reglunni fullnægt. Sem dæmi má nefna að markmiðinu um lágmarksrétt teldist vera náð ef t.d. í viðkomandi námskeiði er fyrir hendi sjúkra- og endurtektarréttur á

50-60% af heildarnámsmatinu. Einstökum kennurum er þó að sjálfsögðu heimilt að bjóða upp á frekari sjúkra- og endurtektarmöguleika en þessi lágmarksregla gerir ráð fyrir.

Þessu markmiði, þ.e. að tryggja fullnægjandi lágmarks sjúkra- eða endurtektarétt, má ná með fleiri en einni aðferð. Þannig kemur t.d. til greina að í stað þess að boðið sé upp á nýjan og sjálfstæðan sjúkra- og endurtektarrétt fyrir viðkomandi námsmatsþátt megi uppfylla markmiðið um fullnægjandi lágmarksrétt með því t.d. að leggja fyrir fleiri verkefni en nemendum ber skylda til að skila auk þess sem ekki öll skilaverkefni gildi til einkunnar. Hér er því í raun gert ráð fyrir að nemendum geti fatast flugið í einstökum námsmatsþáttum án þess að það eigi að koma í veg fyrir að heildarárangur sé í lagi. Í þessu sambandi má nefna eftirfarandi dæmi um fyrirkomulag í 3 vikna lotunámskeiðinu um úrlausn lögfræðilegra álítaefna í grunnnámi í lagadeild en þar segir m.a. eftirfarandi um námsmat: „Lögð verða fyrir tíu lögfræðileg álítaefni og ber nemendum að lágmarki að skila sjö þeirra. Fimm bestu úrlausnir hvers nemanda gilda til einkunnar.“

Þá teldist markmiðinu um fullnægjandi lágmarksrétt einnig náð og ekki þyrfti að bjóða upp sjúkra- eða endurtektarmöguleika ef nemandi hefur sjö sólarhringa eða meira til að vinna námsmatsþátt sem eðlilegt er að reikna með að þurfi að hámarki einn vinnudag til að klára. Að baki þessu liggur sú skoðun að almennt þurfi ekki að gera ráð fyrir því að nemendur séu veikir í sjö daga í röð og eigi því að geta klárað viðkomandi námsmatsþátt innan tímabilsins þó þeir séu veikir hluta þess. Sambærileg túlkun myndi gilda um aðra námsmatsþætti sem nemendur hafa stóran hluta annar eða alla önnina til að vinna. Með þessu er átt við sambærileg við sjö daga tilvikið sem nefnt er hér að framan. Þetta þýðir í raun sömu forsendur um að vinna við viðkomandi námsmatsþátt eigi aðeins að taka lítinn hluta af vinnutíma nemenda á umræddu tímabili. Í þessu sambandi má nefna eftirfarandi dæmi: Í 6 ECTS eininga námskeiði er gert ráð fyrir að námsmatið sé 50% ritgerð og 50% verkefni. Nemendur hafa hins vegar alla önnina til að skila þessum námsmatsþáttum. Gert er ráð fyrir að baki 6 eininga námskeiði liggi 150-180 klst. vinna nemanda. Það samsvarar 1/5 af þeirri vinnu sem ætlast er til að sá nemandi inni af hendi sem skráður er í 30 eininga nám á umræddri önn. Þar sem sú vinna dreifist á alla önnina má í raun segja að nemandinn þurfi aðeins að nota 1/5 af þeim tíma sem ætlast er til að hann leggi í námið í þetta námskeið. Slíkt fyrirkomulag teldist því uppfylla markmiðið um fullnægjandi lágmarks sjúkra- og endurtektarrétt, þ.e. ekki þyrfti að bjóða upp á sjúkra- og endurtektarrétt þegar svo háttaði til.

Hér er einnig rétt að benda á að jafnvel þó boðið sé upp á raunverulega endurtekt námsmatsþáttar getur þeirri endurtekt verið hagað með mismunandi hætti. Ekki þarf t.d. endilega að bjóða upp á nýtt verkefni heldur getur endurtektin allt eins falið í sér möguleika á að vinna áfram með fyrra verkefni. Sem dæmi þessa má nefna eftirfarandi tilvik sem myndi teljast fela í sér endurtekt í skilningi greinar 5.1.6. Nemandi skilar inn verkefni og fær 4 í einkunn fyrir það. Hann fær jafnframt umsögn um úrlausnina. Endurtektarmöguleikinn felst í möguleika á að skila verkefninu aftur inn eftir að hafa fengið umsögnina. Nemandinn getur hins vegar aðeins að hámarki fengið lágmarkseinkunn fyrir seinni úrlausnina, þ.e. almennt 5,0 í grunnnámi og 6,0 í meistaranámi.

Þá kemur fram í greininni að kennarar þurfa að gera nemendum grein fyrir því í upphafi kennslu í viðkomandi námskeiði hvenær sjúkra- og endurtektarréttur fylgir námsmatsþáttum og hvenær ekki. Allir kennarar þurfa því að skipuleggja námsmat í sínum námskeiðum út frá grein 5.1.6, þ.e. tryggja að skilyrðið um fullnægjandi lágmarksrétt sé uppfyllt og gera nemendum grein fyrir því hvernig þessu er háttað.

Ef kennari ætlar að bjóða upp á raunverulegan sjúkra- og endurtektarrétt fyrir einstaka námsmatsþætti, þ.e. möguleika tvö, er mikilvægt að hann tímasetji þá og tilkynni nemendum með góðum fyrirvara, helst í upphafi námskeiðs. Þó ekki sé í greininni tekið á þessu með beinum hætti er mikilvægt að sjúkra- og endurtekt sé í sem nánustum tengslum við efnislega yfirferð yfir viðkomandi efni í námskeiðinu. Eftir því sem lengri tími líður á milli þess að t.d. fyrra verkefni er lagt fram og þar til boðið er upp á sjúkra- og endurtektarverkefni, því meiri hætta er á að efnisleg umfjöllun í námskeiðinu sé orðin önnur en verkefnið fjallar um. Eftir því sem við getur átt hverju sinni væri því heppilegt að bjóða upp á sjúkra- og endurtektarrétt innan 10 virkra daga frá fyrri skilum viðkomandi námsmatsþáttar. Hér þarf þó að hafa

í huga grein 2.6.1 um fresti kennara til að fara yfir einstaka námsmatsþætti, en eins og þar kemur fram ætti því almennt að vera lokið innan þessara 10 daga nema um stór námskeið sé að ræða.

5.1.7

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

5.1.8

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

5.2

Hin breytta áhersla á námsmat sem nú er að finna í þessum reglum, þ.e. í átt frá megináherslunni á próf til fjölbreyttara námsmats, hefur leitt til þess að nú er í greininni gert ráð fyrir að nemendur geti bæði óskað eftir lokaprófsýningu og sýningu á úrlausnum á öllum námsmatsþáttum sem gilda 20% eða meira í lokaeinkunn. Hér er eingöngu um að ræða rétt sem tengist skriflegum námsmatsþáttum. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að kennari þurfi að eiga frumkvæði að slíkum sýningum.

Þetta kemur þó að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að einstakir kennarar getið ákveðið að ganga lengra í þá átt að bjóða upp á frekari sýningar á úrlausnum einstakra námsmatsþátta. Þannig er kennara alltaf heimilt, að bjóða upp á sýningu þó nemendur hafi ekki farið fram á það. Ljóst er að margir kennarar gera þetta, bjóða t.d. upp á próf- eða verkefnasýninu í kjölfar birtingu einkunna. Sem dæmi má nefna verkefnasýningu í kennslustofu í c.a. 30 mín. þar sem allir nemendur sem skiluðu verkefninu geta komið, skoðað úrlausn sína og fengið útskýringar á mati kennarans. Þó ekki sé gerð krafa um slíkt í grein 5.2 er engin ástæða til annars en að hvetja kennara til að halda þessu áfram enda má vænta þess að sýningar af þessum toga séu til þess fallnar að auka endurgjöf til nemenda, nokkuð sem getur aukið gæði náms.

5.3

Í greininni er fjallað um kærurétt nemenda. Kæruréttur er til staðar ef nemandi fær einkunn undir 5,0 í grunnámi og 6,0 í meistaranámi í skriflegu lokaprófi, eða skriflegu síðasta verkefni (í raun undir 4,75 og 5,75 samanber grein 4.5.1). Einnig er kæruréttur fyrir hendi í öllum öðrum skriflegum námsmatsþáttum sem gilda 20% eða meira eða þar sem gerð er krafa um tiltekna einkunn í viðkomandi námsmatsþætti til þess að standast námskeið. Þetta þýðir með öðrum orðum að t.d. má kæra fall í lokaprófi eða síðasta verkefni þó vægi viðkomandi námsmatsþátta sé undir 20%. Sömu sögu er að segja um aðra námsmatsþætti með vægi undir 20% ef gerð er krafa um að nemandi nái tiltekinni lágmarkseinkunn fyrir þá þætti. Almenna reglan er hins vegar sú að í einstökum námskeiðum er eingöngu gerð krafa um lágmarkseinkunn fyrir lokapróf og síðasta verkefni annars vegar og hins vegar fyrir námskeiðið í heild. Almenn myndi því t.d. nemandi sem fær einkunn 4,0 fyrir 15% verkefni í grunnámi ekki geta kært þá niðurstöðu. Rétt er að taka fram, þó það leiði í raun beint af orðalagi greinarinnar, að kæruréttur er ekki fyrir hendi ef nemandi hefur náð lágmarkseinkunn fyrir viðkomandi námsmatsþátt. Til að fyrirbyggja allan misskilning í þeim efnum breytir grein 7.2.2 þessu ekki.

5.4

Þar sem kæruréttur nemenda tengist fleiri námsmatsþáttum en prófum er í þessari grein talað um dómara í stað prófdómara eins og gert var í eldri útgáfu reglnanna.

5.4.1

Hér skal tekið fram að gengið er út frá því að dómari sá sem skipaður er sé utanaðkomandi sérfræðingur, þ.e. ekki starfsmaður HR. Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein frekar.

5.4.2

Með orðalaginu í 2. málslíð greinarinnar um að niðurstaða sé almennt ekki kæránleg, er verið að reyna að tengja við það sem fram kemur í 3. málslíð greinarinnar um reglur einstakra deilda um ritgerðir. Þar er hugsunin sú að ekki sé útlokað að eitthvað meira þurfi til að koma þó dómari sé til staðar, t.d. ef kennari (leiðbeinandi) og dómari eru ósammála um einkunn fyrir ritgerð. Hér má sem dæmi nefna eftirfarandi tilhögun sem fram kemur í reglum lagadeildar HR um meistaranám, en þar segir m.a. í 16. grein: „Deildarforseti skipar prófdómara og skulu leiðbeinandi og prófdómari sameiginlega leggja mat á ritgerð nemanda. Séu leiðbeinendur fleiri en einn, leggja þeir sameiginlega mat á ritgerðina og er þá ekki þörf á prófdómara. Einkunn prófdómara vegur jafnt á við einkunn leiðbeinanda. Séu þeir ekki sammála um hvort nemandi nái lágmarkseinkunn skal deildarforseti fela þriðja aðila yfirmat og ræður mat hans einkunn nemanda.“

5.5

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

5.6

Þegar talað er um það í greininni að HR varðveiti afrit af öllum skriflegum námsmatspáttum í námskeiðum er átt við að það sé gert í kennslukerfinu, þ.e. undir hverju námskeiði fyrir sig. Þá kemur fram í greininni að þó meginreglan sé sú að að lokinni hverri önn sé þetta efni aðgengilegt nemendum kemur jafnframt fram að deildum er heimilt að takmarka birtingu einstakra námsmatspáttanna. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að hin aukna áhersla á verkefnatengingu náms og að einstakir námsmatspáttir reyni auk þekkingar á leikni og hæfni nemenda, leiðir til þess að oft þarf kennari að leggja mikið hugvit og vinnu í að útbúa einstaka námsmatspátti. Þegar svo er komið þarf að horfast í augu við að kennarar geta ekki endalaust framleitt ný verkefni (námsmatspátti). Hugmyndaflugi eru þrátt fyrir allt ákveðin takmörk sett. Því þarf að vera heimild til staðar fyrir deildir til að ákveða að ekki þurfi allir námsmatspáttir að vera nemendum aðgengilegir eftir að námskeiði er lokið.

5.7

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

Um 6. gr.

6.

Þó greinar 6.1 - 6.13 gildi samkvæmt orðanna hljóðan aðeins um framkvæmd lokaprófa og síðustu verkefna í stofu kemur fram í grein 2.3 að reglur 6. greinar gilda einnig eftir því sem við getur átt um annað námsmat en lokapróf eða síðasta verkefni. Þá skal hér nefnt að grein 6.15 í eldri útgáfu reglnanna var felld úr gildi með breytingunni 2018 en í staðinn kom nýtt meira almennt ákvæði um sérúrræði í grein 1.10.

6.1

Í greininni kemur m.a. fram að nemandi sem mætir meira en einni klst. of seint í lokapróf eða síðasta verkefni í stofu fær ekki að þreyta það. Þessi regla hefur verið túlkuð þannig að komi nemandinn áður en þessi klst. er liðin þá fær hann að þreyta prófið eða verkefnið. Hér liggur að baki skilningur á því að í einstaka tilvikum getur eitthvað óvænt komið upp sem veldur því að nemandi kemur of seint. Hugsunin með þessu var hins vegar ekki að nemendur hafi frjálst val um hvenær þeir mæti svo fremi sem þessi

klst. er ekki liðin. Það verður að teljast virðingarleysi gagnvart öllum hlutaðeigendum, kennaranum, skólanum og síðast en ekki síst samnemendum, að mæta of seint í próf eða verkefni og valda með því truflun. Það er beinlínis tekið fram í grein 6.7 að óheimilt sé að valda truflun í stofu. Þetta atriði er nefnt í þessum athugasemdum því í ákveðnum hópum nemenda hefur borið á því að ekki axli allir þá ábyrgð sem þessu er samfara. Þannig virðast þeir nemendur vera til sem svara því játandi að það sé þeirra einkamál hvort þeir mæti 10 eða 15 mín. of seint í próf eða verkefni. HR lítur hins vegar svo á að svarið við þessu sé nei. Vonast skólinn til þess að þessi skrif dugi til þess að allir nemendur virði þá almennu mannsiði að mæta á réttum tíma til að taka lokapróf eða síðasta verkefni eða eftir atvikum aðra þá námsmatsþætti sem taka á í stofu. Hin leiðin, sem er verri, yrði þá væntanlega sú að settir yrðu þrengri mætingafrestir en ein klst.

6.2

Þó ekki sé með orðinu persónuskilríki átt við ákveðna tegund þeirra er eðlilegt að almennt noti nemendur skólaskilríki HR sem persónuskilríki.

6.3-6.13

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessar greinar sérstaklega. Þó skal nefnt að í grein 6.11 kemur fram að deild getur ákveðið í samráði við námsmatsstjóra að nota prófnúmer í tengslum við skil á einstökum námsmatsþáttum. Valin var sú leið að nota hér orðið prófnúmer, eins og í eldri útgáfu reglnanna, þátt fyrir að þau verði eftir atvikum notuð við skil á öðrum námsmatsþáttum en hluta- eða lokaprófum.

Um 7. gr.

7.

7.1

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

7.2

7.2.1

Í greininni er vísað í kærsmöguleika hvað einstaka námsmatsþætti varðar samkvæmt greinum 5.3 og 5.4.1. Að öðru leyti er ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein sérstaklega.

Í athugasemdum við grein 5.3. er sérstaklega tekið fram, og reyndar bent á að það leiði beint af orðalagi greinarinnar, að kæruréttur er ekki fyrir hendi ef nemandi hefur náð lágmarkseinkunn fyrir viðkomandi námsmatsþátt. Jafnframt er tekið fram að til að fyrirbyggja allan misskilning í þeim efnum breyti grein 7.2.2 því ekki.

7.2.2

Í greininni er fjallað um möguleika nemenda til að fara fram á endurskoðun ákvarðana kennara sem snúa að kennslu, efnislegu innihaldi námskeiða, eða einstakra námsmatsþátta, og sem nemandinn telur að brjóti gegn rétti hans. Greinin á ekki við um ákvarðanir kennara sem um getur í grein 7.2.1. Hér er sem sagt á ferð réttur sem snýr að innihaldi námskeiðs eða námsmats eða háttsemi kennara en ekki einkunnagjöf fyrir einstaka námsmatsþætti. Er t.d. námskeiðið eða innihald einstakra námsmatsþátta, t.d. lokaprófs, ekki í samræmi við þær kröfur sem eðlilegt er að gera og því á skjön við eðlilegar væntingar nemenda? Eftir atvikum kann að vera erfitt að ákvarða hvort ágreiningsefni á undir þessa

reglu eða siðareglur HR eða eigi jafnvel heima á báðum stöðum. Sem dæmi má nefna kvörtun yfir því hvernig kennari tekur á tilteknu máli í námskeiði eða kemur að öðru leyti fram við nemanda eða nemendur.

Telji nemandi á sér brotið getur hann innan 10 daga frá viðkomandi ákvörðun farið fram á það með rökstuddum hætti við forstöðumann kennslusviðs að ákvörðun kennarans verði endurskoðuð. Hér verður að leggja áherslu á að erindið sé rökstutt. Ekki er gerð krafa um að nemandinn óski með formlegum hætti eftir afstöðu kennara áður en hann sendir erindi til forstöðumanns kennslusviðs. Þessu veldur að þegar þarna er komið sögu má vænta þess að því miður séu samskipti nemanda og kennara oft orðin erfið auk þess sem forstöðumanni kennslusviðs ber skylda til að leita eftir afstöðu kennara áður en hann tekur rökstudda afstöðu.

Forstöðumaður kennslusviðs vísar málinu síðan til viðkomandi deildarforseta sem hefur endanlegt ákvörðunarvald. Deildarforseti getur eftir atvikum ráðfært sig við sérfræðing á því sviði sem um ræðir auk þess sem hann getur einnig rætt við kennarann þó forstöðumaður kennslusviðs hafi áður talað við hann.

Að lokum er vísað í athugasemdir við grein 7.2.1 þar sem einnig er stuttlega vikið að gildissviði greinar 7.2.2.

7.3

Ekki er talin sérstök þörf á að skýra þessa grein eða undirmálgreinar hennar sérstaklega. Hér skal þó bent á að þegar talað er um lokaverkefni í grein 7.3.6 er það orð túlkað í samræmi við almennar reglur HR um skil á lokaverkefnum í grunn- meistara- og doktorsnámi sem samþykktar voru af framkvæmdastjórn HR 12. júní 2015, sjá: <https://www.ru.is/namid/reglur/lokaverkefni/>. Í þeim reglum er almennt átt við lokaritgerðir þegar orðið lokaverkefni er notað. Einnig er vísað í þessar reglur í greinum 2.2 og 2.6.2.

7.4

Í greininni er gerð grein fyrir möguleikum nemenda til að leggja mál fyrir áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Orðalag greinarinnar tekur að mestu mið af því sem fram kemur um nefndina á heimasíðu hennar.

Eldri útgáfa almennra reglna HR um nám og námsmat	Almennar reglur HR um nám og námsmat eins og þeim var breytt 2018
<p>1. Um skráningar</p> <p>1.1 Skráning og úrsögn úr prófi eða námskeiði og skráning í sjúkra- og endurtektarpróf</p> <p>Nemandi ber ábyrgð á að skrá sig í námskeið innan tímamarka sem eru tilkynnt í almanaki Háskólans í Reykjavík (HR) enda gildir skráning í námskeið jafnframt sem skráning í próf.</p> <p>Nemandi ber ábyrgð á eigin námi, þar með talið skráningu og því að skráning sé í samræmi við kröfur viðkomandi námsbrautar og í samræmi við reglur um framvindu og undanfara námskeiða. Á fyrstu tveimur kennsluvikum hverrar námsannar getur nemandi skráð sig í námskeið en nemandi getur skráð sig úr námskeiði á fyrstu fjórum vikum annar með því að senda kennsluviði póst (nemendabokhald@ru.is). Skráningu í þriggja vikna námskeið má breyta í síðustu viku tólf vikna tímabils. Um skráningu í námskeið á meistarastigi í lagadeild gilda sérstakar reglur sem sjá má á vef deildarinnar.</p> <p>Nemandi, sem ekki mætir í lokapróf og hefur ekki boðað lögmæt forföll fær einkunnina núll í námskeiði. Nemandi sem hefur ekki próftökurétt til lokaprófs fær einkunnina núll í námskeiðinu.</p> <p>Nemandi sem er veikur þegar lokapróf fer fram á kost á að taka sjúkrapróf, sjá nánar 5. grein þessara reglna. Skráning í sjúkrapróf fer fram um leið og nemandi skilar gildu læknisvottorði sbr. gr. 5.1 í reglum þessum. Sjúkra- og endurtektarpróf fara fram eftir að úrslit lokaprófa liggja fyrir og er tímasetningu þeirra að finna í almanaki skólans.</p> <p>Skráning í endurtektarpróf fer fram á auglýstum tíma samkvæmt almanaki skólans. Kjósi nemandi að skrá sig úr sjúkra- eða endurtektarprófi skal hann senda póst á nemendabokhald@ru.is eigi síðar en fyrir próf sama dag og það er haldið. Prófgjald fyrir endurtektarpróf má sjá undir undir Skólagjöld</p>	<p>1. Um skráningar, fjarvistir, flutning milli brauta eða deilda, tímasókn, heimild til að sitja námskeið tvisvar, námsframvindu og mat á fyrra námi, endurinnritun, skráningu aukaeininga og sértæk námsúrræði</p> <p>1.1 Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur skráð sig í á hverri önn</p> <p>Fullt nám á önn telst vera 30 ECTS-einingar. Deild má heimila nemanda að skrá sig í allt að 38 ECTS-einingar á önn. Ef mjög ríkar ástæður eru til má deild veita frekari undanþágu frá framangreindri reglu.</p> <p>1.2 Skráning og úrsögn nemenda úr námskeiði og heimild HR til að skrá nemendur úr námi</p> <p>1. Nemandi ber ábyrgð á að skrá sig í námskeið innan tímamarka sem eru tilkynnt í almanaki Háskólans í Reykjavík (HR).</p> <p>2. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi, þar með talið skráningu og því að skráning sé í samræmi við kröfur viðkomandi námsbrautar og í samræmi við reglur um framvindu og undanfara námskeiða. Á fyrstu tveimur kennsluvikum hverrar námsannar getur nemandi skráð sig í námskeið. Nemandi getur skráð sig úr námskeiði á fyrstu fjórum vikum annar með því að senda kennsluviði póst (nemendabokhald@ru.is). Skráningu í þriggja vikna námskeið má breyta í síðustu viku tólf vikna tímabils en nemandi getur skráð sig úr námskeiði á fyrstu viku þess. Að beiðni nemanda geta deildir HR veitt heimild til að skrá sig úr námskeiðum þó framangreindir frestir séu liðnir ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Meðal ástæðna sem talist geta gildar eru veikindi eða slys. Einstakar deildir HR geta sett sérstakar reglur um skráningu í eða úr námskeiðum sem kennd eru í aðskildum lotum eða styttri samfeldum lotum en 12 eða 15 vikur. Um skráningu í námskeið á meistarastigi í lagadeild gilda sérstakar reglur sem sjá má á vef deildarinnar.</p> <p>3. HR er heimilt að skrá nemanda úr námi eftir að tímabili skráningar í námskeið lýkur hafi</p>

<p>á á vef HR. Gjald fyrir endurtektaþróf er óendurkræft.</p> <p>HR er heimilt að skrá nemanda úr námi eftir að tímabili skráningar í námskeið lýkur hafi hann hvorki greitt skólagjöld né skráð sig í námskeið á komandi önn.</p> <p>1.2 Um flutning nemenda á milli brauta eða deilda</p> <p>Þegar nemandi óskar eftir að skipta um braut innan deildar þarf hann að sækja um það formlega hjá viðkomandi deild. Nemandi getur aðeins skipt um braut milli anna.</p> <p>Þegar nemandi óskar þess að stunda nám í annarri deild en hann er skráður í þarf hann að sækja um nám í þeirri deild sem hann óskar. Þótt nemandi hafi áður stundað nám í einni deild við skólann er það ekki trygging fyrir því að hann fái inni í annarri deild.</p> <p>1.3 Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur skráð sig í</p> <p>Fullt nám á önn telst að jafnaði vera 30 ECTS-einingar. Nemandi getur þó skráð sig í allt að 36 ECTS-einingar á önn. Ef mjög ríkar ástæður eru til má deild veita frekari undanþágu frá framangreindri reglu.</p> <p>1.4 Um tímasókn</p> <p>Nemanda ber að kynna sér kröfur hvers námskeiðs um tímasókn.</p> <p>1.5 Þreytt próf</p> <p>Nemanda er heimilt að sitja hvert námskeið tvisvar og þreyta þau próf sem í boði eru í bæði skiptin. Að sitja námskeið þýðir að nemandi er enn skráður í námskeið eftir að frestur til að skrá sig úr námskeiði er liðinn, sbr. gr. 1.1.</p> <p>Nemanda er heimilt að sitja aftur námskeið eða þreyta lokapróf sem hann hefur lokið til að breyta fyrri einkunn. Einkunn í námskeiði eða lokaprófi sem er þreytt aftur stendur alltaf, óháð því hvort hún er hærri eða lægri en fyrri einkunn.</p>	<p>hann hvorki greitt skólagjöld né skráð sig í námskeið á komandi önn.</p> <p>1.3 Áhrif þess að nemandi lýkur ekki einstökum námsmatsþáttum</p> <p>1. Nemandi, sem ekki mætir í hluta- eða lokapróf, þar með talið sjúkra- eða endurtektaþróf, eða skilar ekki verkefni sem er hluti af námsmati fær einkunnina núll fyrir viðkomandi námsmatsþátt. Ef um lokapróf eða síðasta verkefni námskeiðs er að ræða fær nemandi einkunnina núll í námskeiðinu. Nemandi sem öðlast ekki rétt til að taka lokapróf eða síðasta verkefni fær einkunnina núll í námskeiðinu.</p> <p>2. Nemandi sem ekki mætir í lokapróf- eða síðasta verkefni á eftir atvikum kost á að taka viðkomandi námsmatsþætti seinna, sjá m.a. nánar gr. 5.1.6. Skráning í endurtekt fer fram um leið og nemandi tilkynnir fjarvist sína í lokaprófi eða síðasta verkefni, sbr. gr. 5.1. Tímabil sjúkra- og endurtektaþrófa og síðustu verkefna er eftir að niðurstöður í lokaprófum og verkefnum liggja fyrir og er tímasetningu þess að finna í almanaki skólans.</p> <p>3. Kjósi nemandi að skrá sig úr sjúkra- og endurtektaþrófi eða sjúkra- og endurtektaþrófi síðasta verkefni skal hann senda póst á nemendabokhald@ru.is áður en próf er haldið eða síðasta verkefni lagt fram. Gjald fyrir sjúkra- og endurtektaþróf og sjúkra- og endurtektaþrófi síðasta verkefni, má sjá undir Skólagjöld á vef HR. Gjaldið er óendurkræft.</p> <p>1.4 Um flutning nemenda á milli brauta eða deilda</p> <p>1. Þegar nemandi óskar eftir að skipta um braut innan deildar þarf hann að sækja um það formlega hjá viðkomandi deild. Nemandi getur aðeins skipt um braut milli anna.</p> <p>2. Þegar nemandi óskar þess að stunda nám í annarri deild en hann er skráður í þarf hann að sækja um nám í þeirri deild sem hann óskar. Þótt nemandi hafi áður stundað nám í einni deild við skólann er það ekki trygging fyrir því að hann fái inni í annarri deild.</p>
--	---

1.6 Endurinnritun

Nemandi sem ekki stenst kröfur deildar um námsframvindu (sjá nánar í reglum deilda) getur sótt um endurinnritun hjá skrifstofu deildar. Við endurinnritun þarf nemandi í grunnnámi að endurtaka námskeið sem hann hefur lokið með einkunn lægri en 6,0. Á meistarastigi gilda reglur deilda um lágmarkseinkunn í námskeiðum sem metin eru inn í nám við endurinnritun.

1.7 Skráning aukaeininga

Ljúki nemandi einingum umfram lágmarkskröfu um einingafjölda fyrir prófgráðu getur hann óskað eftir því að valnámskeið sem samsvara umframeiningum verði ekki birt í útskriftargögnum. Beiðni um slíka breytingu skal berast eigi síðar en níu dögum fyrir útskrift.

Ljúki nemandi námskeiði sem efnislega skarast verulega við námskeið sem nemandi hefur þegar lokið telst það ekki til viðkomandi prófgráðu.

1.8 Um námsframvindu og mat á fyrra námi

Til eru samræmdar reglur í HR, annars vegar fyrir grunnnám og hins vegar fyrir meistaranám, þar sem m.a. er fjallað um framvindu, hámarksnámsstíma, mat á fyrra námi og námshlé. Þær reglur má finna á vef skólans:

[Samræmdar reglur fyrir grunnnám](#)

[Samræmdar reglur um nám á meistarastigi](#)

1.5 Um tímasókn

Einstakar deildir HR geta sett sérstakar reglur um tímasókn. Nemendum ber að kynna sér þær reglur og kröfur hvers námskeiðs um tímasókn.

1.6 Heimilt að sitja hvert námskeið tvisvar

1. Nemandi er heimilt að sitja hvert námskeið tvisvar og fá tækifæri til að þreyta alla námsmatsþætti þess, þar á meðal próf og síðasta verkefni, í bæði skiptin. Að sitja námskeið þýðir að nemandi er enn skráður í námskeið eftir að frestir þeir eru liðnir sem fjallað er um í grein 1.2.2. Nemandi, sem uppfyllir ekki framangreindar kröfur og óskar eftir að halda áfram námi, getur sótt um endurinnritun til viðkomandi deildar. Um forsendur og afleiðingar endurinnritunar fer skv. gr. 1.8 og reglum einstakra deilda um námsframvindu og endurinnritun.

2. Nemandi er heimilt að sitja aftur námskeið sem hann hefur lokið til að breyta fyrri einkunn. Einkunn í námskeiði og einstökum námsmatsþáttum þess sem er þreytt aftur stendur alltaf, óháð því hvort hún er hærri eða lægri en fyrri einkunn.

1.7 Um námsframvindu, hámarksnámsstíma, mat á fyrra námi og námshlé

Til eru samræmdar reglur í HR, annars vegar fyrir grunnnám og hins vegar fyrir meistaranám, þar sem m.a. er fjallað um framvindu, hámarksnámsstíma, mat á fyrra námi og námshlé. Þær reglur má finna á vef skólans:

[Samræmdar reglur fyrir grunnnám](#)

[Samræmdar reglur um nám á meistarastigi](#)

[Sjá einnig reglur einstakra deilda um námsframvindu og mat á fyrra námi.](#)

1.8 Endurinnritun

Nemandi sem ekki stenst kröfur deildar um námsframvindu getur sótt um endurinnritun hjá viðkomandi deild. Við endurinnritun þarf nemandi í grunnnámi að endurtaka námskeið sem hann hefur lokið með einkunn lægri en 6,0. Á meistarastigi gilda reglur deilda um

	<p>lágmarkseinkunn í námskeiðum sem metin eru inn í nám við endurinnritun. Sjá nánar reglur einstakra deilda um námsframvindu og endurinnritun.</p> <p>1.9 Skráning aukaeininga</p> <p>1. Ljúki nemandi einingum umfram lágmarkskröfu um einingafjölda fyrir prófgráðu getur hann óskað eftir því að valnámskeið sem samsvara umframeiningum verði ekki birt í útskriftargögnum. Beiðni um slíka breytingu skal senda kennslusviði, nemendabokhald@ru.is, eigi síðar en níu virkum dögum fyrir útskrift.</p> <p>2. Ljúki nemandi námskeiði sem efnislega skarast verulega við námskeið sem nemandi hefur þegar lokið telst það ekki til viðkomandi prófgráðu.</p> <p>1.10 Sértek úrræði í námi</p> <p>Nemanda sem óskar eftir sértekum úrræðum í námi ber að skila umsókn til Náms- og starfsráðgjafar HR fyrir auglýstan tíma. Sjá nánar Náms- og starfsráðgjöf HR og reglur um sértek úrræði fyrir nemendur Háskólans í Reykjavík.</p>
<p>2. Um lokapróf og einkunnir</p> <p>2.1 Framkvæmd lokaprófa</p> <p>Skrifleg og munnleg lokapróf eru haldin í lok námskeiða á hverri önn og skal próftafla liggja fyrir sex vikum fyrir fyrsta lokapróf. Prófstjórn áskilur sér rétt til breytinga á próftöflu innan 7 virkra daga frá birtingu. Ef lokapróf eru haldin í einstökum námskeiðum utan hefðbundins prófatímabils skal fylgja reglum um framkvæmd prófa að svo miklu leyti sem því verður við komið. Framkvæmd er þá alfarið í höndum viðkomandi kennara og deildar/sviðs, í samráði við prófstjóra. Sjá nánar í 6. grein.</p> <p>2.2 Prófstjóri og prófstjórn</p> <p>Prófstjóri hefur samráð við viðkomandi forseta deilda og forstöðumann frumgreinadeildar HR</p>	<p>2. Um einstaka námsmatþætti (próf, verkefni og annað námsmat) og einkunnir</p> <p>2.1 Námsmat í einstökum námskeiðum</p> <p>Tryggja skal að í námi og námsmati í einstökum námskeiðum reyni á hreina þekkingu, á aðra þætti þekkingar, á leikni eða hæfni eða leikni og hæfni.</p> <p>2.2 Hámarksvægi lokaprófa og síðustu verkefna</p> <p>Lokapróf og síðasta verkefni mega að hámarki gilda samtals 70% af heildarnámsmati í námskeiðum í grunn- og meistaranámi. Framangreind regla gildir ekki um lokaverkefni námsbrauta.</p> <p>2.3 Framkvæmd lokanámsmatstímabils</p>

um tilhögun prófa. Prófstjórn skipa prófstjóri og forstöðumaður kennsluviðs.

2.3 Próftími

Próftími í skriflegum lokaprófum skal aldrei vera styttri en tvær klukkustundir og ekki lengri en fjórar klukkustundir. Forseti deildar, í samráði við prófstjóra, getur þó leyft frávik í einstökum námsgreinum. Kennara eða staðgengli ber að koma a.m.k. einu sinni inn í prófstofu á meðan próf stendur yfir til þess að svara spurningum um vafaatriði eða önnur atriði á prófi. Nemandi, sem tekur fleiri en eitt próf er falla á sama tíma, skal koma upplýsingum um það til prófstjóra svo hægt sé að gera ráðstafanir til að taka megi prófin hvert á fætur öðru.

2.4 Skil einkunna úr lokaprófum og lokaritgerðum

Einkunnir úr lokaprófi námskeiðs (munnlegt og skriflegt lokapróf) eiga að liggja fyrir eigi síðar en sjö virkum dögum eftir að prófinu lýkur. Einkunnir úr sjúkra- og endurtektarprófum skulu liggja fyrir eigi síðar en fimm virkum dögum eftir prófdag. Ef fjöldi nemenda sem þreytir próf er óvenju mikill getur kennari sótt um frest á skilum einkunna til kennsluviðs. Kennari tilkynnir um slíkan frest á heimasíðu námskeiðs sé hann veittur. Um skil einkunna í frumgreinadeild sjá grein 3.1.

Einkunnir lokaritgerða (lokaritgerðir á bakkalár- og meistarastigi) þurfa að liggja fyrir eigi síðar en tíu virkum dögum fyrir útskriftardag viðkomandi annar. Sjá nánar um skil á lokaritgerðum í reglum skólans þar að lútandi.

Reglur um skil á lokaverkefnum

2.5 Skráning lokaekunna

Kennari skráir lokaekunnir inn á kennsluvef námskeiðs þar sem þær eru vistaðar og námskeiði er lokað. Kennsluvið birtir lokaekunnir eftir að kennari hefur lokað námskeiði.

2.6 Birting einkunna

Skrifleg og munnleg lokapróf og síðasta verkefni eru haldin á sérstöku tímabili í lok námskeiða á hverri önn og skal próf- og verkefnatafla liggja fyrir sex vikum fyrir fyrsta lokapróf eða síðasta verkefni. Námsmatsstjórn áskilur sér rétt til breytinga á töflunni innan 7 virkra daga frá birtingu. Ef lokapróf eða síðasta verkefni eru haldin í einstökum námskeiðum utan hefðbundins lokanámsmatstímabils skal fylgja reglum 6. gr. um framkvæmd lokaprófa og síðustu verkefna að svo miklu leyti sem því verður við komið. Framkvæmd er þá alfarið í höndum viðkomandi kennara og deildar/sviðs, í samráði við námsmatsstjóra. Eftir því sem við getur átt gilda reglur 6. gr. einnig um annað námsmat en lokapróf eða síðasta verkefni.

2.4 Námsmatsstjóri og námsmatsstjórn

Námsmatsstjóri hefur samráð við forseta viðkomandi deilda og forstöðumann frumgreinadeildar HR um tilhögun lokanámsmatstímabils. Námsmatsstjórn skipa námsmatsstjóri og forstöðumaður kennsluviðs.

2.5 Tímalengd lokaprófa og síðustu verkefna

Próftími í skriflegum lokaprófum skal aldrei vera styttri en tvær klukkustundir og ekki lengri en fjórar klukkustundir. Sama gildir um síðustu verkefni ef þau eru leyst í kennslustofu. Forseti deildar, í samráði við námsmatsstjóra, getur þó leyft frávik í einstökum námsgreinum. Kennara eða staðgengli ber að koma a.m.k. einu sinni inn í stofu á meðan lokapróf eða síðasta verkefni stendur yfir til þess að svara spurningum um vafaatriði eða önnur atriði á prófi. Nemandi, sem tekur fleiri en eitt lokapróf eða síðasta verkefni er lenda á sama tíma, skal koma upplýsingum um það til námsmatsstjóra svo hægt sé að gera ráðstafanir til að taka megi prófin eða verkefnin hvert á fætur öðru.

2.6 Skil einkunna til nemenda fyrir einstaka námsmatspætti

1. Einkunnir úr skriflegum/verklegum hlutaprófum utan hefðbundins lokanámsmatstímabils, lokaprófum, verkefnum (bæði síðustu verkefnum og öðrum verkefnum) og hvers konar öðru námsmati sem fram fer á kennslutímabili, eiga að liggja fyrir eigi síðar en sjö virkum dögum eftir prófdag/skiladag. Fresturinn til að skila einkunn fyrir alla

<p>Kennslusvið áskilur sér rétt til að fresta birtingu lokaekinnna þar til síðasta próf hefur verið þreytt á viðkomandi námsbraut/námsári/deild.</p>	<p>námsmatsþætti í þriggja vikna námskeiðum er þó þrjú dagar frá lokum lokanámsmatstímabils, en fimm dagar ef fjöldi nemenda er meiri en 100. Fresturinn fyrir munnleg hlutapróf, lokapróf, síðustu verkefni, eða annað munnlegt námsmat er tveir virkir dagar. Fresturinn er síðan fimm virkir dagar fyrir skrifleg/verklef sjúkra- og endurtektarlokapróf og sjúkra- og endurtektar síðustu verkefni. Ef fjöldi nemenda í 12 eða 15 vikna námskeiðum sem þreytir viðkomandi skriflegan námsmatsþátt er meiri en 100 er skilafresturinn 10 virkir dagar. Um skil einkunnna í frumgreinadeild sjá einnig gr. 3.1.</p> <p>2. Einkunnir lokaritgerða (lokaritgerðir á bakkalár- og meistarastigi) þurfa að liggja fyrir eigi síðar en tíu virkum dögum fyrir útskriftardag viðkomandi annar. Sjá nánar um skil á lokaritgerðum í reglum skólans þar að lútandi:</p> <p><u>Reglur um skil á lokaverkefnum</u></p> <p>2.7 Skráning lokaekinnna</p> <p>Kennari skráir lokaekinnnir inn á kennsluvef námskeiðs þar sem þær eru vistaðar og námskeiði er lokað.</p> <p>2.8 Birting einkunnna</p> <p>Kennslusvið áskilur sér rétt til að fresta birtingu lokaekinnna þar til síðasta lokapróf eða síðasta verkefni hefur verið þreytt á viðkomandi námsbraut/námsári/deild.</p>
<p>3. Um próf í frumgreinadeild</p> <p>3.1 Próf</p> <p>Próftími í skriflegu lokaprófi skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjú klukkustundir. Lokaekinnnir áfanga skulu liggja fyrir eigi síðar en sjö virkum dögum eftir próftöku. Lokaekinnnir úr síðustu lokaprófum hvers próftímabils skulu liggja fyrir áður en prófsýning frumgreinadeildar fer fram. Nemandi á rétt á að sjá mat úrlausnar sinnar á skriflegu prófi og fá útskýringar kennara á prófsýningu deildarinnar sem haldin er innan þriggja daga frá birtingu allra einkunnna og auglýst er á vef skólans.</p>	<p>3. Um próf í frumgreinadeild</p> <p>3.1 Próf</p> <p>Próftími í skriflegu lokaprófi skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjú klukkustundir. Lokaekinnnir námskeiða skulu liggja fyrir eigi síðar en sjö virkum dögum eftir próftöku. Lokaekinnnir úr síðustu lokaprófum hvers lokanámsmatstímabils skulu liggja fyrir áður en prófsýning frumgreinadeildar fer fram. Nemandi á rétt á að sjá mat úrlausnar sinnar á skriflegu lokaprófi og fá útskýringar kennara á prófsýningu deildarinnar sem haldin er innan þriggja daga frá birtingu allra einkunnna og auglýst er á vef skólans.</p>

<p>3.2 Einkunnir í frumgreinanámi</p> <p>Til að standast áfanga þarf lágmarkseinkunn á lokaprófi að vera 4,0 og lokaeinkunn áfanga að lágmarki 5,0. Aðrir þættir námsmats en lokapróf eru ekki hluti af lokaeinkunn nema lokaprófseinkunn sé að lágmarki 4,0. Allir þættir námsmats og hlutfall þeirra í hverjum áfanga er tilgreint í áfanganálgangum og á vef námskeiðsins.</p> <p>Að öðru leyti gilda almennar reglur HR um nám- og námsmat um nemendur frumgreinadeildar HR.</p>	<p>3.2 Einkunnir í frumgreinanámi</p> <p>1. Til að standast námskeið þarf lágmarkseinkunn á lokaprófi eða síðasta verkefni að vera 4,0 og lokaeinkunn að lágmarki 5,0. Aðrir þættir námsmats en lokapróf eru ekki hluti af lokaeinkunn nema lokaprófseinkunn sé að lágmarki 4,0. Allir þættir námsmats og hlutfall þeirra í hverjum áfanga er tilgreint í námskeiðslýsingum og á vef námskeiðsins.</p> <p>2. Að öðru leyti gilda almennar reglur HR um nám og námsmat um nemendur frumgreinadeildar HR.</p>
<p>4. Námsmat, einkunnagjöf og próftaka</p> <p>4.1 Samsetning námsmats</p> <p>HR leggur áherslu á fjölbreytt námsmat. Matið getur t.d. byggst á mætingu í tíma, þátttöku í kennslustundum, ritgerðum, framsögn, verkefnum, raunhæfum verkefnum, skyndiprófum, lokaprófi, vinnubókum, jafningjamati eða umræðum á vef.</p> <p>Aðalkennari (eða kennarar) í námskeiði er ábyrgur fyrir gerð þeirra prófa og verkefna sem lögð eru fyrir í námskeiðinu og samsetningu lokaeinkunnar. Gefin er ein lokaeinkunn fyrir hvert námskeið sem nemandi er skráður í.</p> <p>4.2 Tengsl námsmats og lærdómsviðmiða</p> <p>Allir þættir námsmats þ.m.t. lokapróf eiga að hafa skýr tengsl við lærdómsviðmið (nefnt hæfniviðmið í kennslukerfi skólans) námskeiðsins.</p> <p>4.3 Vægi einstakra þátta í námsmati</p> <p>Vægi einstakra þátta í námsmati skal koma fram á námskeiðsvef í upphafi námskeiðs.</p> <p>Ef einkunn í verklegu prófi er samsett úr fleiri en einum hluta skal gera grein fyrir vægi hvers hluta áður en prófið er þreytt.</p>	<p>4. Námsmat, einkunnagjöf, próftaka og síðasta verkefni taka</p> <p>4.1 Samsetning námsmats</p> <p>1. HR leggur áherslu á fjölbreytt námsmat. Matið getur t.d. byggst á mætingu í tíma, þátttöku í kennslustundum, ritgerðum, framsögn, verkefnum, raunhæfum verkefnum, prófum, vinnubókum, jafningjamati eða umræðum á vef.</p> <p>2. Aðalkennari (eða kennarar) í námskeiði er ábyrgur fyrir þeim námsmatsþáttum sem lagðir eru fyrir í námskeiðinu og samsetningu lokaeinkunnar. Gefin er ein lokaeinkunn fyrir hvert námskeið sem nemandi er skráður í.</p> <p>4.2 Tengsl námsmats og lærdómsviðmiða</p> <p>Allir þættir námsmats, þ.m.t. lokapróf og síðasta verkefni, eiga að hafa skýr tengsl við lærdómsviðmið námskeiðs og endurspegla þær áherslur sem lagðar eru í einstökum námskeiðum.</p> <p>4.3 Vægi einstakra þátta í námsmati</p> <p>1. Vægi einstakra þátta í námsmati skal koma fram á námskeiðsvef í upphafi námskeiðs.</p> <p>2. Ef einkunn í verklegu prófi er samsett úr fleiri en einum hluta skal gera grein fyrir vægi hvers hluta áður en prófið er þreytt.</p>

<p>4.4 Próftökuréttur og lágmarksskilyrði</p> <p>Heimilt er að setja það skilyrði fyrir rétti til töku lokaprófs að nemandi hafi náð tilskildum árangri í verklegum þætti, ástundun og/eða verkefnum.</p> <p>Heimilt er að krefjast þess að tilteknir liðir í námskeiði séu leystir af hendi á fullnægjandi hátt til þess að nemandi teljist hafa lokið námskeiði. Slíkar kröfur verður að tilkynna í upphafi námskeiðs (sjá nánar grein 5.1).</p> <p>4.5 Einkunnagjöf</p> <p>Lokaeinkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á kvarðanum 0-10. Lokaeinkunn námskeiða lægri en 5,0 í grunnnámi og lægri en 6,0 í námi á meistarastigi er falleinkunn og fást þá ekki einingar fyrir viðkomandi námskeið. Deildir geta ákveðið hærri lágmarkseinkunn fyrir einstök námskeið (sjá reglur deilda).</p> <p>Nemandi í grunnnámi þarf að fá að lágmarki 5,0 (gildir ekki um frumgreinadeild, sjá grein 3.2) í einkunn á lokaprófi námskeiðs. Þetta á við hvort svo sem námskeið telst til grunnnáms eða meistaránáms.</p> <p>Á meistarastigi þarf nemandi að fá að lágmarki 6,0 í einkunn á lokaprófi námskeiðs. Þetta á við hvort sem námskeið telst til meistaránáms eða grunnnáms.</p> <p>Ef lokapróf hefur minna vægi en 20% af lokaeinkunn hefur kennari heimild til að víkja frá lágmarkseinkunn í lokaprófi.</p> <p>Deild getur ákveðið að gefa staðið eða fall í stað tölueinkunnar í einstökum námskeiðum.</p> <p>4.6 Um próftöku, verkefnavinnu og heiðarleg vinnubrögð</p> <p>Kennari gerir grein fyrir uppbyggingu og vægi einstakra þátta í skriflegu prófi á prófblaði. Kennari gerir einnig grein fyrir því hvaða hjálpargögn eru heimil í prófi.</p> <p>Nemanda ber að vinna einn að lausn verkefna í áfanga- og lokaprófum. Nemanda er óheimilt að veita aðstoð eða þiggja aðstoð frá öðrum og öll afritun er óheimil.</p>	<p>4.4 Próftökuréttur, réttur til að taka síðasta verkefni og lágmarksskilyrði</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Deild er heimilt að setja það skilyrði fyrir rétti til töku lokaprófs eða síðasta verkefnis að nemandi hafi náð tilskildum árangri í verklegum þætti, ástundun og/eða verkefnum. Slíkar kröfur verður að tilkynna í upphafi námskeiðs. 2. Deild er heimilt er að krefjast þess að tilteknir liðir í námskeiði séu leystir af hendi á fullnægjandi hátt til þess að nemandi teljist hafa lokið námskeiði. Slíkar kröfur verður að tilkynna í upphafi námskeiðs. <p>4.5 Einkunnagjöf</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Lokaeinkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á kvarðanum 0-10. Lokaeinkunn námskeiða lægri en 5,0 í grunnnámi og lægri en 6,0 í námi á meistarastigi er falleinkunn og fást þá ekki einingar fyrir viðkomandi námskeið. Deildir geta ákveðið hærri lágmarkseinkunn fyrir einstök námskeið (sjá reglur deilda). Þegar krafa er gerð um að nemendur nái einhverjum tilteknum námsmatsþáttum (t.d. lokaprófi eða síðasta verkefni) skal miðað við námundaða einkunn, þ.e. 4,75 verður 5,0 og 5,75 verður 6,0, og telst nemandi þá hafa náð lágmarkseinkunn fyrir viðkomandi námsmatsþátt í grunn- eða meistaránámi. Einkunnin 4,75 eða 5,75 fer hins vegar inn í útreikning lokaeinkunnar námskeiðsins. Ef lokaeinkunn er samsett úr niðurstöðum tveggja eða fleiri námsmatsþátta á almennt ekki að námunda einkunnir fyrir einstaka námsmatsþætti. Lokaeinkunn skal námunda og gefa í heilum og hálfum. 2. Nemandi í grunnnámi þarf að fá að lágmarki 5,0 (gildir ekki um frumgreinadeild, sjá grein 3.2) í einkunn á lokaprófi eða síðasta verkefni námskeiðs. Þetta á við hvort svo sem námskeið telst til grunnnáms eða meistaránáms. 3. Nemandi í meistaránámi þarf að fá að lágmarki 6,0 í einkunn á lokaprófi eða síðasta verkefni námskeiðs. Þetta á við hvort sem námskeið telst til meistaránáms eða grunnnáms. 4. Aðrir þættir námsmats en lokapróf eða síðasta verkefni reiknast ekki inn í lokaeinkunn nema lokaprófseinkunn eða síðasta verkefniseinkunn
--	--

<p>HR leggur mikla áherslu á vönduð akademísk vinnubrögð og heilindi í framkomu starfsmanna og nemenda. Mikilvægur þáttur í vönduðum akademískum vinnubrögðum er að höfundarréttur sé virtur og að allir nemendur leggi sitt af mörkum í hópstarfi.</p> <p>Til að skýra betur væntingar HR á þessu sviði hefur skólinn sett eftirfarandi reglur um heilindi í verkefnavinnu:</p> <p>a. Hugverk nemanda</p> <p>HR gerir þá kröfu til nemanda að öll verkefni sem hann skilar séu hans eigið hugverk. Í því felst meðal annars að hann vinni verkefnið sjálfur frá grunni, án aðstoðar annarra, og taki aldrei upp texta annarra eða vinnu annarra og setji fram sem sitt eigið verk. Ávallt skal geta heimilda og reglur um heimildanotkun gilda einnig um afritun eigin verka.</p> <p>Hvert verkefni sem skilað er, skal vera einstakt. Öll endurnýting verkefna, hvort heldur er innan námskeiðs, milli námskeiða eða milli námsbrauta er óheimil, nema annað sé tekið fram.</p> <p>Kennara er heimilt að gera undantekningu frá þeirri meginreglu að nemendur megi ekki vinna saman að verkefnum, og gerir hann þá skriflega grein fyrir því í verkefnislýsingu. Sama á við í hópverkefnum; verkefnið skal vera unnið af hópnum frá grunni, án aðstoðar annarra, og er allur hópurinn ábyrgur fyrir því að rétt vinnubrögð séu viðhöfð.</p> <p>b. Framlag nemanda</p> <p>HR gerir þá kröfu að nemandi leggi sig ávallt fram í hópstarfi og gæti þess að framlag hans sé sambærilegt á við hina í hópnum. Kennari hefur heimild til að gefa einstaklingum í hópi mismunandi einkunn ef ljóst þykir að framlag þeirra hefur verið verulega ójafnt.</p> <p>c. Einstaklings- og hópverkefni</p> <p>Í einstaklingsverkefnum er gerð krafa um að hver nemandi vinni sjálfur og án aðstoðar alla þætti verkefnisins, en í hópverkefnum hefur hópurinn möguleika á að skipta með sér verkum, þó þannig að vinnuframlag einstakra hópmeðlima til</p>	<p>sé að lágmarki 5,0 í grunnnámi og 6,0 í meistaranámi.</p> <p>5. Ef lokapróf eða síðasta verkefni vegur 30% eða minna af lokaekinn getur deild heimilað að kennari megi víkja frá lágmarkseinkunn fyrir lokapróf eða síðasta verkefni.</p> <p>6. Deild getur ákveðið að gefa staðið eða fall í stað tölueinkunnar í einstökum námskeiðum.</p> <p>4.6 Um próftöku, verkefnavinnu og heiðarleg vinnubrögð</p> <p>1. Kennari gerir grein fyrir uppbyggingu og vægi einstakra þátta í skriflegu prófi á prófblaði. Kennari gerir einnig grein fyrir því hvaða hjálpargögn eru heimil í prófi. Framangreint gildir einnig eftir því sem við á hverju sinni um aðra námsmatsþætti.</p> <p>2. Nemandi ber að vinna einn að lausn verkefna í hluta- og lokaprófum. Nema annað sé heimilað á grundvelli gr. 4.6.3 er nemandi óheimilt að veita aðstoð eða þiggja aðstoð frá öðrum og öll afritun er óheimil. Sá sem veitir nemandi aðstoð telst jafn brotlegur og sá sem þiggur aðstoð. Framangreint gildir um alla námsmatsþætti sem nemandi ber að vinna einn.</p> <p>3. Kennari má þó heimila nemendum takmarkað samtarf þegar um einstaklingsbundið námsmat er að ræða. Sé það gert ber þó hverjum og einum nemandi að skila sjálfstæðri úrlausn.</p> <p>4. HR leggur mikla áherslu á vönduð akademísk vinnubrögð og heilindi í framkomu starfsmanna og nemenda. Mikilvægur þáttur í vönduðum akademískum vinnubrögðum er að höfundarréttur sé virtur og að allir nemendur leggi sitt af mörkum í hópstarfi.</p> <p>5. Til að skýra betur væntingar HR á þessu sviði hefur skólinn sett eftirfarandi reglur um heilindi í verkefnavinnu:</p> <p>a. Hugverk nemanda</p> <p>HR gerir þá kröfu til nemanda að öll verkefni sem hann skilar séu hans eigið hugverk. Í því felst meðal annars að hann vinni verkefnið sjálfur frá grunni, án aðstoðar annarra, og taki aldrei upp texta eða vinnu annarra og setji fram sem sitt</p>
--	--

<p>verkefnisins sé sambærilegt. Allur hópurinn er þó eftir sem áður ábyrgur fyrir heildarverkinu.</p> <p>Viðurlög við broti á ofangreindum reglum um verkefnavinnu geta verið 0 fyrir verkefnið, 0 í námskeiði, áminning og jafnvel brottrekstur úr skóla. Sjá nánar grein 7.3 og <u>Síðareglur HR</u>.</p> <p>Nemendum sem þreyta munnlegt próf er óheimilt að ræða sín á milli eða á annan hátt skiptast á upplýsingum um efni prófs á meðan á því stendur. Verði nemandi uppvis að slíku skal vísa málinu til forseta deildar til ákvörðunar samkvæmt 7. gr. reglna þessara.</p> <p>Brot á þessum reglum varða viðurlögum samkvæmt grein 7.3. Um meðferð slíkra mála vísast til 7. greinar reglna þessara.</p> <p>4.7 Um skil á verkefnum</p> <p>Í námskeiði setur kennari reglur um skilafrest verkefna í upphafi annar og ber nemanda að skila verkefni áður en frestur er útrunninn. Skili nemandi verkefni eftir að skilafrestur er liðinn hefur kennari heimild til þess að lækka einkunn hans fyrir hvern dag sem dregst að skila verkefninu. Slík lækkun þarf að vera tilkynnt við upphaf námskeiðs.</p> <p>Kennari skilar einkunnum verkefna og áfangaprófa og hvers konar öðru námsmati sem fram fer á kennslutímabili innan tíu virkra daga frá skiladegi/prófdegi. Telji kennari umfang verkefnis þess eðlis að yfirferð muni taka lengri tíma skal hann upplýsa nemendur um það á vef námskeiðsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en á skiladegi verkefnisins.</p> <p>4.8 Um próftöku á tölvu</p> <p>Nemanda sem þreytir próf á tölvu er aðeins heimilt að nota þann hugbúnað/forrit sem er tilgreindur af umsjónarmanni prófs/kennara. Nemanda er óheimilt með öllu að nota samskiptaforrit, samskiptatæki eða annan hugbúnað/forrit nema þann sem er tilgreindur meðan á próftöku stendur. Aðeins er leyfilegt að vista prófgögn á það svæði sem umsjónarmaður prófs tilgreinir.</p> <p>Yfirgefi nemandi tölvu meðan á prófi stendur, t.d. vegna ferðar á salerni, ber honum að ganga</p>	<p>eigið verk. Ávallt skal geta heimilda og reglur um heimildanotkun gilda einnig um afritun eigin verka.</p> <p>Hvert verkefni sem skilað er, skal vera einstakt. Öll endurnýting verkefna, hvort heldur er innan námskeiðs, milli námskeiða eða milli námsbrauta er óheimil, nema annað sé tekið fram.</p> <p>Kennara er heimilt að gera undantekningu frá þeirri meginreglu að nemendur megi ekki vinna saman að verkefnum, og gerir hann þá skriflega grein fyrir því í verkefnislýsingu. Sama á við í hópverkefnum; verkefnið skal vera unnið af hópnum frá grunni, án aðstoðar annarra, og er allur hópurinn ábyrgur fyrir því að rétt vinnubrögð séu viðhöfð.</p> <p>b. Framlag nemanda</p> <p>HR gerir þá kröfu að nemandi leggi sig ávallt fram í hópstarfi og gæti þess að framlag hans sé sambærilegt á við hina í hópnum. Kennari hefur heimild til að gefa einstaklingum í hópi mismunandi einkunn ef ljóst þykir að framlag þeirra hefur verið verulega ójafnt.</p> <p>c. Einstaklings- og hópverkefni</p> <p>Eins og fram kemur í grein 4.6.2 er almenna reglan sú að í einstaklingsverkefnum er gerð krafa um að hver nemandi vinni sjálfur og án aðstoðar alla þætti verkefnisins. Í hópverkefnum hefur hópurinn möguleika á að skipta með sér verkum, þó þannig að vinnuframlag einstakra hópmeðlima til verkefnisins sé sambærilegt. Allur hópurinn er þó eftir sem áður ábyrgur fyrir heildarverkinu.</p> <p>6. Nemendum sem þreyta munnlegt próf er óheimilt að ræða sín á milli eða á annan hátt skiptast á upplýsingum um efni prófs á meðan á því stendur.</p> <p>4.7 Um skil nemenda á verkefnum</p> <p>Í námskeiði setur kennari reglur um skilafrest verkefna í upphafi annar og ber nemanda að skila verkefni áður en frestur er útrunninn. Samþykki kennari að nemandi skili verkefni eftir að skilafrestur er liðinn hefur kennari heimild til þess að lækka einkunn hans fyrir hvern dag eða hverja klukkustund sem dregst að skila</p>
---	---

<p>þannig frá tölvu að prófurlausn sé ekki sýnileg öðrum á skjánum.</p> <p>Nemandi ber alfarið ábyrgð á að vista gögn reglulega og skila inn tímanlega við lok prófs. Noti nemandi eigin tölvu við úrlausn prófs áskilur umsjónarmaður prófs eða prófstjóri sér rétt til að skoða þau gögn og forrit/hugbúnað sem eru á tölvunni og eru notuð við úrlausn prófs. Einnig áskilur umsjónarmaður prófs sér rétt til að skoða annan hugbúnað á tölvunni og notkun hans. Nemendum, sem þreyta próf á tölvur, er hleypt inn í prófstofu 15 mínútum áður en próf hefst.</p>	<p>verkefninu. Tilkynna þarf fyrirkomulag slíkrar lækkunar við upphaf námskeiðs.</p> <p>4.8 Um próftöku á tölvur</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Nemanda sem þreytir próf á tölvu er aðeins heimilt að nota þann hugbúnað/forrit sem er tilgreindur af umsjónarmanni prófs/kennara. Nemanda er óheimilt með öllu að nota samskiptaforrit, samskiptatæki eða annan hugbúnað/forrit nema þann sem er tilgreindur meðan á próftöku stendur. Aðeins er leyfilegt að vista prófgögn á það svæði sem umsjónarmaður prófs tilgreinir. 2. Yfirgefi nemandi tölvu meðan á prófi stendur, t.d. vegna ferðar á salerni, ber honum að ganga þannig frá tölvu að prófurlausn sé ekki sýnileg öðrum á skjánum. 3. Nemandi ber alfarið ábyrgð á að vista gögn reglulega og skila inn tímanlega við lok prófs. Noti nemandi eigin tölvu við úrlausn prófs áskilur umsjónarmaður prófs eða námsmatsstjóri sér rétt til að skoða þau gögn og forrit/hugbúnað sem eru á tölvunni og eru notuð við úrlausn prófs. Einnig áskilur umsjónarmaður prófs sér rétt til að skoða annan hugbúnað á tölvunni og notkun hans. Nemendum, sem þreyta próf á tölvur, er hleypt inn í prófstofu 15 mínútum áður en próf hefst.
<p>5. Endurtekin próf og áfrýjunarréttur nemanda</p> <p>5.1 Sjúkrapróf og skil á vottorðum</p> <p>Nemandi, sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll til nemendabókhalds sama dag og próf fer fram. Læknisvottorð þarf að berast afgreiðslu skólans eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandi hafa fyrirgert rétti sínum til próftöku (prófdagur telst ekki til þessara þriggja virku daga).</p> <p>Vottorð þurfa að fela í sér staðfestingu læknis á því að nemandi hafi verið veikur sama dag og próf fór fram. Á vottorði skal enn fremur koma fram nafn námskeiðs og/eða prófs sem nemandi boðar forföll í. Sama gildir ef um veikindi barns nemanda er að ræða. Vottorð er einungis tekið</p>	<p>5. Endurteknir námsmatsþættir, m.a. próf og verkefni, og áfrýjunarréttur nemenda</p> <p>5.1 Sjúkra- og endurtektarréttur vegna einstakra námsmatsþátta</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Nemandi, sem ekki mætir til lokaprófs eða skilar ekki síðasta verkefni, sem sjúkra- eða endurtektarprófsréttur eða sjúkra- eða endurtektarverkefnaréttur fylgir, skal tilkynna forföll með tölvupósti á nemendabokhald@ru.is áður en próf er haldið eða síðasta verkefni lagt fram. 2. Nemandi sem tilkynnir forföll til nemendabókhalds áður en lokapróf er haldið eða síðasta verkefni lagt fram er sjálfkrafa skráður í sjúkra- og endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektarverkefni. Honum ber að tilkynna nemendabókhaldi áður en það sjúkra- og

<p>gilt sé það afhent á afgreiðslutíma skrifstofu innan framangreinds frests. Vottorð sem ekki er rétt dagsett er ekki tekið gilt.</p> <p>Forföll vegna heimaprófs þarf að tilkynna með tölvupósti á nemendabokhald@ru.is og til kennara áður en próf byrjar. Ekki er tekið við tilkynningu sem berst eftir að heimapróf hefur verið lagt fyrir.</p> <p>Nemandi sem skilar vottorði vegna lokaprófs innan framangreinds frests er sjálfkrafa skráður í sjúkrapróf. Honum ber að tilkynna nemendabókhalði áður en sjúkrapróf er haldið kjósi hann ekki að þreyta sjúkrapróf.</p> <p>Kennari ber ábyrgð á útfærslu og framkvæmd áfangaprófa og verkefna. Upplýsingar um fyrirkomulag þeirra skulu liggja fyrir í upphafi námskeiðs, þ.á.m. hvort um sjúkra- og endurtektarpróf (-skil) verði að ræða og ef ekki, hvernig brugðist verði við veikindum í heildarnámsmati í námskeiði.</p> <p>5.2 Sjúkra- og endurtektarpróf</p> <p>Sjúkra- og endurtektarpróf eru að jafnaði haldin eftir lokapróf hvernar annar. Sjúkra- og endurtektarpróf kemur í stað lokaprófs en einkunnir fyrir verkefni, áfangapróf eða annað námsmat til lokaekunnar stendur óbreytt. Aðeins nemandi sem mætir í lokapróf eða tilkynnir veikindi og skilar vottorði (sbr. gr. 5.1) á rétt á sjúkra- eða endurtektarprófi. Nemandi, sem er veikur í aðalprófi og mætir í sjúkrapróf og nær ekki lágmarkseinkunn eða er veikur í báðum prófum, hefur ekki frekari próftökurétt. Nemandanum ber því að sitja námskeiðið aftur til þess að öðlast próftökurétt.</p> <p>5.3 Próftökustaður</p> <p>Nemandi sem á lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins getur sótt um hjá prófstjóra að þreyta sjúkra- og endurtektarpróf á ákveðnum prófstöðum á landsbyggðinni (Ísafjörður, Sauðárkrúkur, Akureyri, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar). Þegar nemandi skráir sig í sjúkra- og endurtektarpróf þarf hann að senda beiðni um próftökustað á nemendabokhald@ru.is.</p>	<p>endurtektarpróf eða sjúkra- og endurtektarverkefni er haldið, kjósi hann að mæta ekki.</p> <p>3. Hvað aðra námsmatsþætti varðar en lokapróf og síðasta verkefni, þar sem jafnframt er boðið upp á sjúkra- og endurtektarrétt, þá standa þeir öllum nemendum opnir hvort heldur sem viðkomandi nemandi hefur tekið fyrri námsmatsþátt eða ekki. Í þessum tilvikum er þess ekki krafist að nemandi tilkynni um forföll eins og gildir um lokapróf og síðasta verkefni.</p> <p>4. Kennari ber ábyrgð á útfærslu og framkvæmd hlutaprófa og verkefna. Upplýsingar um fyrirkomulag þeirra skulu liggja fyrir í upphafi námskeiðs, þ.á.m. hvernig sjúkra- og endurtektarmöguleikum er háttað.</p> <p>5. Sjúkra- og endurtektarlokapróf eða sjúkra- og endurtektar síðasta verkefni eru að jafnaði haldin eftir lok námsmatstímabils hvernar annar. Sjúkra- og endurtektarpróf eða verkefni koma í stað lokaprófs eða síðasta verkefnis en einkunnir fyrir aðra námsmatsþætti standa óbreyttar. Nemandi sem mætir í sjúkra- og endurtektarpróf eða verkefni og nær ekki lágmarkseinkunn eða er veikur í báðum prófum eða verkefnum, hefur ekki frekari próftökurétt eða verkefnatökurétt. Nemandanum verður því að sitja námskeiðið aftur til að fá það metið til eininga.</p> <p>6. Tryggja skal að fyrir hendi sé fullnægjandi lágmarks sjúkra- og endurtektarréttur hvað námsmat hvers námskeiðs varðar. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag sjúkra- og endurtektarréttar skulu liggja fyrir við upphaf kennslu í námskeiðum.</p> <p>7. Nemandi sem á lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins getur sótt um hjá námsmatsstjóra að þreyta sjúkra- og endurtektarlokapróf og eftir atvikum sjúkra- og endurtektar síðasta verkefni á ákveðnum stöðum á landsbyggðinni (Ísafjörður, Sauðárkrúkur, Akureyri, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar). Nemandi sem óskar eftir að nýta sér framangreint skal senda beiðni þess efnis á nemendabokhald@ru.is. jafnframt því sem hann tilkynnir forföll til nemendabókhalds eigi síðar en fyrir próf sama dag og það er haldið eða síðasta verkefni lagt fram.</p>
--	--

<p>Próftaka á framangreindum stöðum er þó háð leyfi prófstjóra og kennara sem meta hvert tilfelli fyrir sig.</p> <p>5.4 Prófsýning og kærur</p> <p>Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati prófúrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan fimm daga frá birtingu einkunnar. Kennari skal verða við beiðni nemanda áður en sjúkra- og endurtektarpróf eru haldin, eða innan sjö virkra daga, hvort sem á undan kemur (um prófsýningu í frumgreinadeild sjá grein 3.1).</p> <p>Nemandi sem hefur ekki staðist lokapróf og unir ekki mati kennara á skriflegri prófúrlausn getur kært matið til prófstjóra. Það er háð því skilyrði að viðkomandi hafi skoðað úrlausn sína með kennara áður en kæra er send inn. Sama á við um áfangapróf og verkefni sem nemandi hefur ekki staðist þegar gerð er krafa um tiltekna einkunn til að standast námskeið. Skal kæran lögð fram skriflega innan þriggja virkra daga frá prófsýningu eða skilum á verkefni frá kennara þar sem við á.</p> <p>5.5 Prófdómarar</p> <p>Ef nemandi kærir mat á skriflegu prófi er prófdómari skipaður í samráði við forseta deildar. Skal prófdómari leggja sjálfstætt mat á úrlausn nemandans og samræmi í yfirferð og einkunnagjöf. Séu prófdómari og kennari ekki sammála um lokaekinn þá gildir einkunn prófdómara. Endurskoðuð einkunn skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá því að kæra berst.</p> <p>Í munnlegu lokaprófi skal prófdómari ávallt vera viðstaddur og ákveður kennari/kennarar og prófdómari lokaekinn sameiginlega og er niðurstaða ekki kæránleg. Í lokaritgerð þar sem prófdómari og leiðbeinandi gefa einkunn sameiginlega er niðurstaða ekki kæránleg.</p> <p>5.6 Varðveisla prófúrlausna</p> <p>Þegar kærufrestur nemenda er liðinn og allri yfirferð prófúrlausna lokið skulu þær afhentar prófstjóra til varðveislu. Prófúrlausnir skulu varðveittar í eitt ár.</p> <p>5.7 Varðveisla lokaprófa</p>	<p>8. Próf- eða verkefnataka á framangreindum stöðum er háð leyfi námsmatsstjóra og kennara sem meta hvert tilfelli fyrir sig.</p> <p>5.2 Sýning vegna einstakra námsmatsþátta, t.d. próf- og verkefnasýning</p> <p>Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar lokaprófúrlausnar sinnar eða annarra námsmatsþátta sem gilda 20% eða meira af heildarnámsmati ef hann æskir þess innan fimm daga frá birtingu einkunnar. Kennari skal verða við beiðni nemanda áður en boðið er upp á sjúkra- og endurtektarmöguleika fyrir viðkomandi námsmatsþátt, eða innan sjö virkra daga, hvort sem á undan kemur (um prófsýningu í frumgreinadeild sjá grein 3.1).</p> <p>5.3 Kæruréttur</p> <p>Nemandi sem hefur ekki staðist skriflegt lokapróf eða skriflegt síðasta verkefni og unir ekki mati kennara á skriflegri úrlausn getur kært matið til námsmatsstjóra. Framangreind heimild tekur einnig til allra annarra skriflegra námsmatsþátta sem nemandi hefur ekki náð lágmarkseinkunn, sjá grein 4.5.1, og gilda að lágmarki 20% af lokaekinn í námskeiði eða gerð er krafa um tiltekna einkunn í viðkomandi námsmatsþætti til þess að standast námskeið. Það er háð því skilyrði að viðkomandi hafi skoðað úrlausn sína með kennara áður en kæra er send inn. Skal kæran lögð fram skriflega innan þriggja virkra daga frá próf- eða verkefnasýningu.</p> <p>5.4 Dómarar</p> <p>1. Ef nemandi kærir mat vegna einstakra námsmatsþátta samkvæmt grein 5.3 er utanaðkomandi dómari skipaður í samráði við forseta deildar. Skal dómari leggja sjálfstætt mat á úrlausn nemandans og samræmi í yfirferð og einkunnagjöf. Séu dómari og kennari ekki sammála um lokaekinn þá gildir einkunn dómara. Endurskoðuð einkunn skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá því að kæra berst.</p> <p>2. Í munnleg og verklegu prófi eða síðasta verkefni skal dómari ávallt vera viðstaddur og ákveður kennari/kennarar og dómari lokaekinn sameiginlega og er niðurstaða ekki kæránleg. Í lokaritgerð þar sem dómari og leiðbeinandi gefa einkunn sameiginlega er niðurstaða almennt ekki</p>
---	---

<p>Skólinn varðveitir rafrænt afrit af öllum lokaprófum. Lokapróf skulu gerð aðgengileg nemendum í kennslukerfi skólans að loknum sjúkra- og endurtektarprófum hvarrar annar. Þannig ber að setja lokapróf á vef námskeiðsins strax að loknu sjúkra- og endurtektarprófi. Skólinn áskilur sér rétt til að birta ekki krossapróf og sjúkra- og endurtektarpróf.</p> <p>5.8 Leiðrétting einkunna</p> <p>Kennslusvið getur, í samráði við kennara, leiðrétt bersýnilegar villur í útreikningi eða skráningu einkunna. Á það m.a. við þegar birt lokaeinkunn í námskeiði er ekki í samræmi við samanlagðar einkunnir allra þátta námsmats eða tekur ekki tillit til þess að nemandi þarf að fá lágmarkseinkunn í lokaprófi til þess að standast námskeið, sbr. grein 4.3.</p>	<p>kæranleg. Sjá hér þó einnig reglur einstakra deilda um ritgerðir.</p> <p>5.5 Varðveisla úrlausna nemenda</p> <p>Þegar kærufrestur nemenda er liðinn og allri yfirferð prófúrlausna lokið skulu þær afhentar námsmatsstjóra til varðveislu. Prófúrlausnir skulu varðveittar í eitt ár.</p> <p>5.6 Varðveisla námsmatsþátta</p> <p>Skólinn varðveitir rafrænt afrit af öllum skriflegum námsmatsþáttum í námskeiðum og skulu þeir almennt gerðir aðgengilegir nemendum í kennslukerfi skólans að lokinni hverri önn. Deildir geta þó ákveðið að takmarka birtingu einstakra námsmatsþátta eða hluta þeirra.</p> <p>5.7 Leiðrétting einkunna</p> <p>Kennslusvið getur, í samráði við kennara, leiðrétt bersýnilegar villur í útreikningi eða skráningu einkunna. Á það m.a. við þegar birt lokaeinkunn í námskeiði er ekki í samræmi við samanlagðar einkunnir allra þátta námsmats eða tekur ekki tillit til þess að nemandi þarf að fá lágmarkseinkunn í lokaprófi eða síðasta verkefni til þess að standast námskeið, sbr. grein 4.5.</p>
<p>6. Framkvæmd prófa</p> <p>6.1 Prófstofur</p> <p>Prófstofur eru að jafnaði opnaðar 10 mínútum áður en próf hefst. Mæti nemandi meira en einni klukkustund eftir að próf hefst fær hann ekki að þreyta prófið.</p> <p>6.2 Persónuskilríki</p> <p>Meðan próf stendur yfir skal nemandi hafa gild persónuskilríki aðgengileg fyrir prófgæslufólk. Nemandi getur misst próftökurétt ef hann sýnir ekki persónuskilríki.</p> <p>6.3 Prófgæsla</p>	<p>6. Framkvæmd lokaprófa og síðustu verkefna</p> <p>6.1 Próf- og síðasta verkefnis stofur</p> <p>Stofur eru að jafnaði opnaðar 10 mínútum áður en lokapróf eða síðasta verkefni hefst. Mæti nemandi meira en einni klukkustund eftir að lokapróf eða síðasta verkefni hefst fær hann ekki að þreyta prófið eða síðasta verkefnið.</p> <p>6.2 Persónuskilríki</p> <p>Meðan lokapróf eða síðasta verkefni stendur yfir skal nemandi hafa gild persónuskilríki aðgengileg fyrir gæslufólk. Nemandi getur misst próf- eða verkefnistökurétt ef hann sýnir ekki persónuskilríki.</p>

Prófgæslufólk gefur merki um hvenær hefjast má handa við úrlausn og hvenær próftími er liðinn. Skulu þá allir nemendur í viðkomandi prófi skila úrlausnum sínum sem hafa ekki gert það þegar.

6.4 Leiðrétting á prófi

Ef koma þarf á framfæri leiðréttingu eða upplýsingum til nemenda í prófi er það gert með munnlegri tilkynningu frá kennara, með því að skrifa þær á töflu eða dreifa þeim á prenti til viðkomandi nemenda í samráði við prófstjóra.

6.5 Skil prófúrlausna

Ekki má skila prófúrlausn fyrr en ein klukkustund er liðin af próftíma. Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausn þegar í stað. Nemandi hefur þó tíma til að ganga frá prófúrlausn sinni og merkja hana eftir að próftíma lýkur, en ekki breyta eða bæta úrlausnina.

Verði nemandi uppvís að því að vinna að prófúrlausn eftir að próftíma lýkur skal prófgæslufólk stöðva háttsemina og gera prófstjóra viðvart sem tekur ákvörðun um frekari aðgerðir.

6.6 Skil gagna

Að loknu skriflegu prófi á nemandi að skila prófspurningum, úrlausnum og rissblöðum til prófgæslufólks.

6.7 Hjálpargögn

Nemanda er óheimilt að nota önnur hjálpargögn í prófi en tilgreind eru á forsiðu prófs. Er þar meðal annars átt við fartölvu, reiknivél og önnur tæki. Nemandi má ekki hafa yfirhöfn, tösku eða annan búnað sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum við prófborðið. Óheimilt er að valda truflun í prófstofu. Heimilt er að ganga úr skugga um að nemandi noti aðeins þau hjálpargögn á prófi sem tilgreind eru á forsiðu prófs.

6.8 Samskiptatæki

Varsla og notkun farsíma er bönnuð á meðan próf stendur yfir. Hafi nemandi farsíma meðferðis ber honum að slökkva á símanum, setja hann í tösku eða afhenda prófgæslufólki til varðveislu meðan

6.3 Gæsla

Gæslufólk gefur merki um hvenær hefjast má handa við úrlausn og hvenær lokapróf- eða síðasta verkefnatími er liðinn. Skulu þá allir nemendur skila úrlausnum sínum sem hafa ekki gert það þegar.

6.4 Leiðrétting

Ef koma þarf á framfæri leiðréttingu eða upplýsingum til nemenda í lokaprófi eða síðasta verkefni er það gert með munnlegri tilkynningu frá kennara, með því að skrifa þær á töflu eða dreifa þeim á prenti til viðkomandi nemenda í samráði við námsmatsstjóra.

6.5 Skil úrlausna

1. Ekki má skila úrlausn fyrr en ein klukkustund er liðin af lokapróftíma eða síðasta verkefnistíma. Að loknum próf- eða verkefnistíma ber öllum að skila úrlausn þegar í stað. Nemandi hefur þó tíma til að ganga frá úrlausn sinni og merkja hana eftir að próf- eða verkefnistíma lýkur, en ekki breyta eða bæta úrlausnina.

2. Verði nemandi uppvís að því að vinna að úrlausn eftir að lokapróftíma eða síðasta verkefnistíma lýkur skal gæslufólk stöðva háttsemina og gera námsmatsstjóra viðvart sem tekur ákvörðun um frekari aðgerðir.

6.6 Skil gagna

Að loknu skriflegu lokaprófi eða síðasta verkefni á nemandi að skila spurningum, úrlausnum og rissblöðum til gæslufólks.

6.7 Hjálpargögn

Nemanda er óheimilt að nota önnur hjálpargögn í lokaprófi eða síðasta verkefni en tilgreind eru á forsiðu prófs eða verkefnis. Er þar meðal annars átt við fartölvu, reiknivél og önnur tæki. Nemandi má ekki hafa yfirhöfn, tösku eða annan búnað sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum við borðið. Óheimilt er að valda truflun í stofu. Heimilt er að ganga úr skugga um að nemandi noti aðeins þau hjálpargögn í prófi eða verkefni sem tilgreind eru á forsiðu.

<p>próf stendur yfir. Öll samskipti eru óheimil á meðan á prófi stendur, þar með talin samskipti með búnaði sem kennari kann að hafa heimilað samkvæmt grein 6.7.</p> <p>6.9 Óheiðarleiki við próftöku</p> <p>Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í prófi skal prófgæslufólk stöðva háttsemi og kalla til prófstjóra sem tekur ákvörðun um frekari viðbrögð. Prófstjóra er heimilt að vísa nemanda úr prófi. Máli viðkomandi nemanda er síðan vísað til forseta deildar samkvæmt 7. grein um málsmeðferð og kæruleiðir.</p> <p>6.10 Prófhlé</p> <p>Nemanda er óheimilt að fara frá prófborði áður en hann hefur lokið prófi nema til þess að fara á snyrtingu og þá aðeins undir eftirliti fylgdarmanns.</p> <p>6.11 Merking prófúrlausna</p> <p>Nemanda er skylt að skila úrlausnarblaði með annað hvort nafni sínu og kennitölu eða prófnúmeri.</p> <p>6.12 Próflök</p> <p>Nemandi, sem lýkur prófi áður en tilskildum próftíma lýkur, skal yfirgefa prófstofu og prófsvæði. Honum ber að gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi.</p> <p>6.13 Prófnúmer</p> <p>Deild getur ákveðið í samráði við prófstjóra að nota prófnúmer.</p> <p>6.14 Staðsetning prófa</p> <p>Ef nemandi æskir þess við prófstjóra að þreyta próf annars staðar en í HR er prófstjóra heimilt, ef brýnar ástæður eru til, að heimila nemanda að taka prófið í annarri háskóla- eða menntastofnun, enda hafi verið samið fyrirfram við stofnunina um slíkt fyrirkomulag. Um sjúkra- og endurtektarpróf í slíkum tilvikum, sjá grein 5.3.</p> <p>6.15 Sérúrræði</p>	<p>6.8 Samskiptatæki</p> <p>Varsla og notkun farsíma er bönnuð á meðan lokapróf eða síðasta verkefni stendur yfir. Hafi nemandi farsíma meðferðis ber honum að slökkva á símanum, setja hann í tösku eða afhenda gæslufólki til varðveislu meðan próf eða síðasta verkefni stendur yfir. Öll samskipti eru óheimil á meðan á prófi eða verkefni stendur, þar með talin samskipti með búnaði sem kennari kann að hafa heimilað samkvæmt grein 6.7.</p> <p>6.9 Óheiðarleiki við töku lokaprófs eða síðasta verkefnis</p> <p>Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í lokaprófi eða síðasta verkefni skal gæslufólk stöðva háttsemi og kalla til námsmatsstjóra sem tekur ákvörðun um frekari viðbrögð. Námsmatsstjóra er heimilt að vísa nemanda úr prófi eða verkefni. Máli viðkomandi nemanda er síðan vísað til forseta deildar samkvæmt 7. grein um málsmeðferð og kæruleiðir.</p> <p>6.10 Hlé</p> <p>Nemanda er óheimilt að fara frá borði sínu áður en hann hefur lokið lokaprófi eða síðasta verkefni nema til þess að fara á snyrtingu og þá aðeins undir eftirliti fylgdarmanns.</p> <p>6.11 Merking úrlausna</p> <p>Nemanda er skylt að skila úrlausnarblaði með annað hvort nafni sínu og kennitölu eða númeri. Deild getur ákveðið í samráði við námsmatsstjóra að nota prófnúmer.</p> <p>6.12 Lok lokaprófs eða síðasta verkefnis</p> <p>Nemandi, sem lýkur lokaprófi eða síðasta verkefni áður en tilskildum próf- eða verkefnistíma lýkur, skal yfirgefa stofu og próf- og verkefnissvæði. Honum ber að gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi eða verkefni.</p> <p>6.13 Staðsetning lokaprófa eða síðustu verkefna</p> <p>Ef nemandi æskir þess við námsmatsstjóra að þreyta lokapróf eða síðasta verkefni annars staðar en í HR er námsmatsstjóra heimilt, ef brýnar ástæður eru til, að heimila nemanda að taka prófið eða verkefnið í annarri háskóla- eða</p>
---	---

<p>Nemanda, sem óskar sérúrræða í prófi, ber að skila umsókn til sérúrræðanefndar HR. Nefndina skipa forstöðumaður kennslusviðs, prófstjóri HR, fulltrúi akademískra deilda, trúnaðarlæknir HR, sérfræðingur í læsi og náms- og starfsráðgjafi sem situr í nefndinni sem fulltrúi nemandans sem sækir um sérúrræði. <u>Nánari upplýsingar um sérúrræði</u> í námi má finna á vef skólans.</p>	<p>menntastofnun, enda hafi verið samið fyrirfram við stofnunina um slíkt fyrirkomulag. Sjá nánar grein 5.1.7 um sjúkra- og endurtektarlokapróf og sjúkra- og endurtektar síðasta verkefni í slíkum tilvikum.</p>
<p>7. Málsmæðferð og kæruleiðir</p> <p>7.1 Almenn ákvæði</p> <p>Við ákvarðanir sem varða réttindi og skyldur nemenda skal eftir því sem við á gæta meginreglna stjórnsýsluréttar og góðra stjórnsýsluhátta.</p> <p>7.2 Kæruleiðir</p> <p>Mat á prófúrlausn er kæránlegt til prófstjóra samkvæmt reglum 5. greinar.</p> <p>Telji nemandi að aðrar ákvarðanir, sem snúa að kennslu eða prófum, brjóti gegn rétti hans getur hann innan 10 daga frá viðkomandi ákvörðun óskað skriflega og með rökstuddum hætti eftir endurskoðun þeirra. Uni nemandi ekki niðurstöðu endurskoðunar getur hann vísað málinu til forstöðumanns kennslusviðs sem tekur rökstudda afstöðu til málsins og vísar því í framhaldi til forseta viðkomandi deildar. Forseti deildar hefur endanlegt ákvörðunarvald í slíkum málum.</p> <p>7.3 Viðurlög vegna brota á reglum</p> <p>Forseti deildar eða forstöðumaður frumgreinadeildar tekur ákvörðun um viðurlög vegna brota á þessum almennu reglum um nám og námsmat. Brot geta varðað:</p> <p>a) Einkunn 0 fyrir námsþátt.</p> <p>b) Einkunn 0 fyrir námsþátt og áminning.</p> <p>c) Einkunn 0 fyrir námskeið og áminning.</p>	<p>7. Málsmæðferð og kæruleiðir</p> <p>7.1 Almenn ákvæði</p> <p>Við ákvarðanir sem varða réttindi og skyldur nemenda skal eftir því sem við á gæta meginreglna stjórnsýsluréttar og góðra stjórnsýsluhátta.</p> <p>7.2 Kæruleiðir vegna kennslu, innihalds einstakra námskeiða og námsmatsþátta</p> <p>1. Einkunnagjöf fyrir einstaka námsmatsþætti er eftir atvikum kæránleg til námsmatsstjóra. Sjá nánar greinar 5.3 og 5.4.1 um slíkar kærur og málsmæðferð.</p> <p>2. Telji nemandi að aðrar ákvarðanir kennara, sem snúa að kennslu, efnislegu innihaldi námskeiða, eða einstakra námsmatsþátta, brjóti gegn rétti hans getur hann innan 10 daga frá viðkomandi ákvörðun vísað málinu skriflega og með rökstuddum hætti til forstöðumanns kennslusviðs með ósk um endurskoðun þeirra. Forstöðumaður kennslusviðs tekur rökstudda afstöðu til málsins, að fenginni afstöðu viðkomandi kennara, og vísar því í framhaldi til forseta deildar sem hefur endanlegt ákvörðunarvald í slíkum málum. Forseti deildar getur eftir atvikum leitað frekara álits áður en ákvörðun er tekin. Framangreint á ekki við um brot nemanda á reglum þessum en um þau fer samkvæmt grein 7.3.</p> <p>7.3 Viðurlög vegna brota á reglum</p> <p>1. Forseti deildar eða forstöðumaður frumgreinadeildar tekur ákvörðun um viðurlög vegna brota nemenda á þessum almennu reglum um nám og námsmat. Brot geta varðað:</p> <p>a) Einkunn 0 fyrir námsmatsþátt.</p> <p>b) Einkunn 0 fyrir námsmatsþátt og áminning.</p> <p>c) Einkunn 0 fyrir námskeið og áminning.</p>

<p>d) Tímabundin brottvísun úr skóla með möguleika á endurinnritun og áminning.</p> <p>e) Brottvísun úr skóla án möguleika á endurinnritun.</p> <p>Aðalkennari eða umsjónarkennari námskeiðs getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt a-lið hér að ofan án samráðs við forseta deildar. Þetta á einungis við ef viðkomandi hlutapróf eða verkefni gildir 10% eða minna af heildarnámsmati námskeiðs. Beiti kennari þessu úrræði ber honum að upplýsa nemanda skriflega um að hann geti skotið málinu til deildarforseta eða forstöðumanns frumgreinadeildar.</p> <p>Nemandi sem gerst hefur brotlegur við þessar almennu reglur um nám og námsmat fyrirgerir að jafnaði rétti til valkvæðs starfsnáms, skiptináms sem og tækifæra til að koma fram fyrir hönd skólans.</p> <p>Forseti deildar getur í undantekningartilvikum ákveðið að veita nemanda áminningu vegna brots á náms- og námsmatsreglum án annarra viðurlaga. Nemandi getur þó aðeins fengið slíka áminningu án annarra viðurlaga einu sinni á námsferlinum.</p> <p>Endurtekið brot á þessum almennu reglum um nám og námsmat varðar ávallt þyngri viðurlögum en fyrsta brot. Endurtekið brot varðar almennt ekki vægari viðurlögum en brottvísun í eina önn ásamt áminningu eða brottvísun úr skóla. Við sérstakar aðstæður má ljúka máli sem er endurtekið brot með ákvörðun samkvæmt b lið hér að framan. Við ákvörðun á viðurlögum skal taka tillit til vægis verkefnis og alvarleika brots.</p> <p>Komi upplýsingar fram um að nemandi hafi haft rangt við á prófi eða viðhaft óheiðarleg vinnubrögð í verkefnavinnu eftir að einkunn hefur verið gefin fyrir námsþátt, eða námskeiði/námi er lokið, er forseta deildar heimilt að ógilda einkunn fyrir námsþátt eða námskeið. Forseta deildar er jafnframt heimilt að beita öðrum viðurlögum eftir því sem við á. Sé</p>	<p>d) Tímabundin brottvísun úr skóla með möguleika á endurinnritun og áminning.</p> <p>e) Brottvísun úr skóla án möguleika á endurinnritun.</p> <p>2. Aðalkennari eða umsjónarkennari námskeiðs getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt a-lið hér að ofan án samráðs við forseta deildar ef viðkomandi námsmatsþáttur gildir 10% eða minna af heildarnámsmati námskeiðs. Beiti kennari þessu úrræði ber honum að upplýsa nemanda skriflega um að hann geti skotið málinu til deildarforseta eða forstöðumanns frumgreinadeildar.</p> <p>3. Nemandi sem gerst hefur brotlegur við þessar almennu reglur um nám og námsmat fyrirgerir að jafnaði rétti til valkvæðs starfsnáms, skiptináms sem og tækifæra til að koma fram fyrir hönd skólans.</p> <p>4. Forseti deildar getur í undantekningartilvikum ákveðið að veita nemanda áminningu vegna brots á náms- og námsmatsreglum án annarra viðurlaga. Nemandi getur þó aðeins fengið slíka áminningu án annarra viðurlaga einu sinni á námsferlinum.</p> <p>5. Endurtekið brot á þessum almennu reglum um nám og námsmat varðar ávallt þyngri viðurlögum en fyrsta brot. Endurtekið brot varðar almennt ekki vægari viðurlögum en brottvísun í eina önn ásamt áminningu eða brottvísun úr skóla. Við sérstakar aðstæður má ljúka máli sem er endurtekið brot með ákvörðun samkvæmt b lið hér að framan. Við ákvörðun á viðurlögum skal taka tillit til vægis námsmatsþáttar og alvarleika brots.</p> <p>6. Komi upplýsingar fram um að nemandi hafi haft rangt við á prófi eða viðhaft óheiðarleg vinnubrögð í verkefnavinnu eftir að einkunn hefur verið gefin fyrir námsþátt, eða námskeiði/námi er lokið, er forseta deildar heimilt að ógilda einkunn fyrir námsþátt eða námskeið. Forseta deildar er jafnframt heimilt að beita öðrum viðurlögum eftir því sem við á. Sé um lokaverkefni eða lokaritgerð að ræða og nemandi hafi þegar útskrifast er forseta deildar heimilt að óska eftir því að rektor afturkalli prófgráðu.</p> <p>7.4 Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema</p> <p>1. Nemandi sem tæmt hefur kæruleiðir innan HR getur skotið máli sínu til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema, skv. 20. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Hlutverk nefndarinnar skv. reglum nr. 1152/2006 er að</p>
---	--

<p>um lokaverkefni eða lokaritgerð að ræða og nemandi hafi þegar útskrifast er forseta deildar heimilt að óska eftir því að rektor afturkalli prófgráðu.</p> <p>7.4 Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema</p> <p>Nemandi getur skotið máli sínu til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema, skv. 20. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Áður en hægt er að skjóta máli til nefndarinnar verður endanleg niðurstaða viðkomandi háskóla að liggja fyrir, þ.e. að kæruleiðir innan skólans hafi verið tæmdar. Hlutverk nefndarinnar skv. reglum nr. 1152/2006 er að úrskurða í málum þar sem námsmenn í ríkisháskólum og öðrum háskólum telja brotið á rétti sínum um:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. framkvæmd prófa og námsmats, þ.m.t. fyrirlögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara og birtingu einkunna, 2. mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtökuprófs, 3. afgreiðslu umsókna um skólavist, þ.m.t. tilhögun mats á námi á milli skóla, 4. brottvikningu nemanda úr skóla og beitingu annarra agaviðurlaga. <p>Nánari upplýsingar um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema má finna á vef menntamálaráðuneytisins.</p>	<p>úrskurða í málum þar sem námsmenn í ríkisháskólum og öðrum háskólum telja brotið á rétti sínum um:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. framkvæmd prófa og námsmats, þ.m.t. fyrirlögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara og birtingu einkunna, 2. mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtökuprófs, 3. afgreiðslu umsókna um skólavist, þ.m.t. tilhögun mats á námi á milli skóla, 4. brottvikningu nemanda úr skóla og beitingu annarra agaviðurlaga. <p>Áfrýjunarnefndin getur með úrskurði sínum staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir háskóla í þessum málum. Úrskurðir áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema eru endanlegir á stjórnslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.</p> <ol style="list-style-type: none"> 2. Áfrýjunarnefndin endurmetur ekki prófurlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara og getur því ekki úrskurðað um að tiltekinn nemandi skuli hljóta ákveðna einkunn í tilteknu námskeiði. Nefndin getur heldur ekki gefið út prófskírteini eða beint tilmælum um slíkt til háskóla. 3. Áfrýjunarnefndin getur veitt álit sitt á því hvort málsmeðferð háskóla á skriflegu erindi nemenda hafi verið í samræmi við lög og góða stjórnsluhætti, óháð því hvort ákvörðun hafi verið tekin í málinu af hálfu skólans. Álitið er þó ekki bindandi með sama hætti og úrskurðir. 4. Nánari upplýsingar um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema má finna á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins; sjá: https://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/urskurdir-og-alit/afryjunarnefnd/
---	--